



# SKÍÐABLAÐID

Meðal efnis:



## ÓTRÚLEGT ÆVINTÝRI Í SVEITINNÍ

Viðtal við Kjell Hymer og Rósu Þorsteinsdóttur

### SKÍDAFERD TIL WAGRAN

Hópur frá SFÍ dvaldi í Wagrain í Austurriki 4. – 13 janúar sl.



### FOSSVATNSGANGA 70 ÁRA

Fjölmennasta skiðagöngumót Íslands og dregur að sér þáttakendur á öllum aldri.



### Á SNJÓBRETTI Í JAPAN

Birna Jónasdóttir segir frá snjóbrettamenningu japanskra ungmenna



# Opið eftir lokun!

Með lengri afgreiðslutíma tryggir Þjónustuver Landsbankans þér meira svigrúm til að sinna bankamálum símleiðis.

Í Þjónustuverinu getur þú m.a. :

- Fengið upplýsingar um stöðu reikninga, millifært og greitt reikninga
- Pantað gjaldeyri sem afgreiddur er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Fengið upplýsingar um víðtæka þjónustu Landsbankans

Þjónustuverið er opið alla virka daga  
frá kl. 8-21 og 11-16 laugardaga

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

# FLEIRA FERÐAFÓLK TIL ÍSAFJARDAR Á SKÍÐI

Starfið í Skíðafélaginu hefur verið með miklum ágætum í veturna. Mikill og góður snjór var kominn um áramótin og hefur mikið verið skíðað. Aðstæður hafa verið góðar til skíðaiðkunar það sem af er vetri, þó svo blikur séu á lofti varðandi skíðasvæðið í Tungudal þegar þetta er skrifað. Nægur snjór og góðar aðstæður eru til gönguskíðaiðkunar á Seljalandsdal. Það sýndi sig í janúar þegar mikill og góður snjór var á Ísafirði að mikill skíðaáhugi er til staðar hjá Ísfirðingum. Margir drógu fram skíðin, sem höfðu legið í geymslunni í nokkur ár. Ég er sannfærður um það að ef við fengjum hér einn til two hagstæða snjóavetur yrði hér mikill skíða- og brettaáhugi.

Við þurfum að fjölga þeim er stunda skíðin/brettin reglulega. Rekstur skíðasvæðis okkar Ísfirðinga kostar mikið, enda er það stórt og gott, sérstaklega ef tekið er tillit til staðar samfélagsins sem við búum í. Það er því nauðsynlegt að fá fleiri til að nota það, ekki bara heimamenn heldur líka aðkomufólk. Við þurfum að fá fleira ferðafólk til að koma til Ísafjarðar á skíði. Við gætum t.d. auglýst okkur upp sem gönguskíðastað. Við höfum frábærar aðstæður til að stunda gönguskiði. Á Seljalandsdal er búið að sléttu og grjóthreinsa göngubrautir auk þess að brúa stærstu læki og skurði í brautunum. Þar höfum við einnig nýendurbyggðan og rúmgóðan skíðaskála. Á vorin þegar snjór fer að minnka á Seljalandsdal getum við farið upp á Breiðadals- og Botnsheiði. Það er vandfundin betri aðstaða á Íslandi til gönguskíðaiðkunar en hjá okkur. Þessa aðstöðu þurfum við að nota meira og halda henni vel á lofti til að fá hingað ferðafólk gagngert til að fara á gönguskíði.

Í ár eru 70 ár frá því fyrsta Fossavatnsgangan var haldin, það var á annan dag páskas árið 1935 og voru keppendur sjö talsins. Í ár fer gangan fram 30. apríl og áætlað er að þáttakendur verði á bilinu 120 til 140. Fossavatnsgangan er því ekki aðeins elsta göngumótið, sem haldið er á Íslandi í dag, heldur einnig það fjölmennasta.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að markaðssetja Fossavatnsgönguna á alþjóðlegum markaði (almenningsgöngumarkaði). Árangur er byrjaður að sjást og vonandi eignum við eftir að sjá erlendum þáttakendum fjölda örт næstu árin. Einnig er ástæða til að hvetja hinn almenna skíðamann á Íslandi til að taka þátt í göngunni. Hún er ekki eingöngu fyrir keppendur, heldur er Fossavatnsgangan almenningsganga þar sem þáttakendur velja sér vegalengd við hafi og hver gengur á sínum hraða.

## Hvað er Skíðavikan?

Svarið við þessari spurningu vita allir Ísfirðingar ungir sem aldnir enda 70 ár síðan fyrsta Skíðavikan var haldin. En það eru margir sem spryja sig þessarar spurningar þegar auglýsingar frá Skíðavikunni fara að heyrist og sjást á miðju um vetrin. En hvað er Skíðavikan? Ég tel að Skíðavikan sé útihátið (ein sú elsta á landinu), fjölskylduhátið, menningarhátið, - já eða kannski mörg lítil eða eitt stórt ættarmót. Á Skíðavikunni hittast fjölskyldur stórar sem smáar, vinir og kunningjar og gestir og gangandi. Að degi til leikum við okkur saman á skíðum, drekkum kakó og borðum nesti saman einhvers staðar upp á eða inn í Dal. Á kvöldin fórum við saman út að borða, á leiksýningu, á tónleika eða á ball í Sjallanum. Hvað er hægt að hugsa sér skemmtilegra um pásku? Hafið þið hugleitt það hvernig páskarnir væru ef það væri engin Skíðavika? Ég held það yrðu ansi daufir páskar. Við skulum því standa vörð um þessa gömlu hefð hér á Ísafirði, vera virkir þáttakendur í Skíðavikunni og njóta þeirrar dagskrár sem þar er í boði.



,Rekstur skíðasvæðis okkar Ísfirðinga kostar mikið, enda er það stórt og gott...“

Unglingameistaramót Íslands átti að halda hér á Ísafirði dagana 18. til 21. mars. Vegna snjóleysis var það ekki hægt. Það er okkur öllum sem að skíðamálum koma hér á Ísafirði mikil vonbrigði að þurfa annað árið í röð að fera mótaðald á stórmóti, að hluta til eða öllu leiti, til annars héraðs. En við þetta var ekki ráðið, við megum ekki hengja haus heldur verðum við að horfa björtum augum til framtíðar og vona að veðurguðirnir verði okkur hliðhollari næst þegar við eignum þess kost að halda hér Skíðamót Íslands eða Unglingameistarmót Íslands.

Þá gesti sem sækja okkur Ísfirðinga heim á páskum eða til þátttöku í Fossavatnsgöngunni býð ég velkomna og megi þeir njóta alls hins góða sem Ísafjörður hefur upp á að bjóða til skíðaiðkunar og skemmtunar.



## SKÍÐABLAÐIÐ 2005

**Útgefandi:** Skíðafélag Ísfirðinga  
**Ritstjórn:** Jónas Gunnlaugsson ábm.,  
Sigurður Pétursson, Guðfinna Hreiðarsdóttir  
**Auglýsingar:** Pálína Vagnsdóttir  
**Ljósmyndir:** Halldór Sveinbjörnsson,  
Hrafn Snorrason, Stella Hjaltadóttir, Jónas  
Guðmundsson, Hörður Kristjánsson o.fl.  
**Prentvinnsla:** H-prent, Ísafirði

**Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga:**  
Jónas Gunnlaugsson, formaður  
Jóhann Torfason, varaformaður  
Þórunn Pálsdóttir, gjaldkeri  
Alma Frímannsdóttir, ritari  
Axel Jóhannesson, meðstjórnandi  
Rúnar Óli Karlsson, varamaður  
Margrét Halldórsdóttir, varamaður

**Heimasíða:** [www.snjor.is](http://www.snjor.is)

**Skíðavikunefnd:**  
Anna Sigríður Ólafsdóttir  
Elvar Logi Hannesson  
Freyja Ólafsdóttir  
Jón Páll Hreinsson  
Rúnar Óli Karlsson  
Vernharður Jósefsson



**Heimasíða:** [www.skidavikan.is](http://www.skidavikan.is)

Dagana 4. til 13. janúar sl. dvaldist hópur frá Skíðafélagi Ísfirðinga í Wagrain í Austurríki við leik og æfingar á skíðum. Í hópnum voru alls 49 manns; 16 börn, 13 unglingsar og 20 fullorðnir en um var að ræða bæði æfinga- og fjölskylduferð. Með í för voru tveir þjálfarar, Þorlákur Baxter og Jóhann Bæring Gunnarsson. Aðstæður voru eins og best verður á kosið, hiti var yfirleitt í kringum frostmark, sól flesta daga og færíð eins og það gerist best. Æfingarhópur SFÍ, 13 ára og eldri, segir hér frá ferðinni.



Glæsilegur hópur skíðakrakka frá Skíðafélagi Ísfirðinga á æfingu í Wagrain.

# Skíðaferð til Wagrain

**Fann 4. janúar sl.** lögðum við snemma af stað frá Keflavíkurflugvelli til Austurríkis og lentum í Salzburg rétt eftir hádegis. Þaðan keyrðum við með rútu í um klukkutíma til Wagrain, þar sem við áttum eftir að vera á skíðum í 10 daga í blíðskapardeðri.



Dagný Fjóla, Hildur María, Guðrún Hulda og Anna María á leið upp í fjall með stólalyftu.

Þar kom líka í ljós að Ísfirðingarnir áttu að gista á hótel Alpengasthof Kirchboden, því í slík glæsivilla, en neinei við unglingsarnir þurftum að hýrast á hálfþrarstjörnu hótel á móti glæsivillunni! Þar fengum við nú heldur betur litla þjónustu og þurftum meira að segja að verða okkur sjálf úti um klósettpappír. Við léturnu nú ekki segja okkur það tvívar og fórum beint upp á sína hótel og stálum fáeinum rúllum.

Daginn eftir fórum við fyrstu ferðina uppí fjall, og það er ekki að spryja að því en auðvitað þurfti einn úr hópnum okkar að týnast, í fyrstu ferðinni. En jæja, hann fannst nú fyrir rest og settum við á hann talstöð svo hann gæti haft

samband ef það myndi nú koma fyrir aftur. Leiðin heim úr fjallinu var nú heldur betur skrautleg, Baxterinn fór með okkur í veg sem minnti helst á Hestaleifina! Og þar bættust nú okkuð margar rispur í safnið. Næstu dagar gengu samt eiginenga venjulega fyrir sig nema óá að ein skíðamúsin veiktist.

Dagarnir byrjuðu á því að Láki gekk á herbergin og hringdi dyraþjöllunni þangað til við urðum alveg

að og stóðum upp, þá var farið í morgunmatinn, sumir næstum tilbúnir í slaginn en aðrir aðeins úldnari í náttfötunum. Klukkan tíu lá leiðin upp í fjall sem var í þriggja mínútna göngufæri, þar vorum við síðan á tveggja klukkustunda æfingu fyrir hádegi og síðan voru aðrir tveir tímar eftir hádegi.

**Pegar leið** á ferðina var Láki karlinn

farinn að sjá margar ósýnilegar lyftur, var alveg handviss um að þær væru þarna, en allt kom fyrir ekki, karlinn orðinn dálid áttavilltur. Svo eitt skiptið sagði hann okkur að fara í ákveðna lyftu, en það endaði á því að fimm komust á leiðarenda, einn flaug illilega á hausinn og restin endaði inní frumskógi með Láka fremstan í flokki.

**Við vorum** líka dugleg að blanda geði við fólk sem var með okkur í kláfunum, hvort sem því líkaði það eða ekki. Við reyndum að tala við það á ensku, dönsku, þýsku og íslensku en það er annað mál hvort það var rétt borið fram.



Verið að leggja eitt stykki svigbraut.

Þegar við komum heim úr fjallinu á daginn byrjuðum við á því að fara í sturtu og síðan lá

leiðin niður í bæ þar sem við eyddum restinni af deginum og nokkrum evrum í leiðinni. Í einni bæjarferð strákanna ætlaði Jón Guðni að fá sér sprite í sjálfsala, en sjálfsalinn bilaði skyndilega og út komu 46 flöskur! - Og strákarnir fengu allir í bakið á að labba með þær heim.

Íkvöldmatinn fengum við alltaf þriggja rétta máltíð, mjög ljúffengar, og síðan fengum við að smakka ýmsan furðulegan mat, s.s. pönnukökusúpu og svo var einhver siður þarna að bera fram gras og súrblökur með öllum mat.

**Um skemmtanálfid** er það helst að segja að Jói Torfa fór með stelpurnar á ball! Þar lærðu þær ýmsa skemmtilega dansa, m.a. mjaðmadansinn ásamt fleirum og lærðu að mjaðmirnar væru málið!

EKKI MÁ HELDUR GLEYMA AÐ SEGJA FRÁ ÞVÍ ÞEGAR VIÐ SETTUM HANDKLAÐIN OKKAR Í ÞVOTT, EN FENGUM VITLAUS TIL BAKA! ÞÁ BRUTUST ÚT



Laki þjálfari að leggja braut.

hörku rifrildi við húsráðendurna sem töluðu ekkert annað en bullandi þýsku! Og þá heyrdist þessi fræga setning frá okkur: „You've made a mistake and you have to fix it and give us two big handklæði!“

**En jæja,** þegar við vorum að fara að leggja af stað heim og rútan kom til að keyra okkur til Salzburg, tók heldur betur langan tíma að koma farangrinum fyrir því bílstjórinn var alveg kolvitlaus í skapinu. Eftir langt ferðalag komumst við samt aftur heim til Íslands og allir slepptu sér í nammikaupum í Fríhöfninni.

Þetta eru svona helstu atríðin úr ferðinni, við þorðum ekki að fara alveg út í smáatriðin, en við erum sammála um að þetta var alveg frábær ferð sem við hefðum alls ekki viljað missa af! Og í lokinn viljum við þakka öllum þeim sem styrktu okkur því án þeirra hefðum við ekki komist í þessa frábæru ferð!



Wagrain, séð frá æfingasvæðinu.

## VAGNINN Krá allra landsmanna á Flateyri

Skírdagskvöld kl. 21.00

Siggi Björns & Lýður taka á móti gestum  
Þeim til halds verður Olavi Körre,  
snillingurinn frá Þingeyri

Upplifið vestfirska stemmningu eins  
og hún gerist best

Aðgangseyrir kr. 1.000

**ÚTIVISTARFATNAÐUR  
Ã ALLA FJÖLSKYLDUNA**

**HAFNARBÚÐIN**  
Hafnarhúsinu á Ísafirði  
Sími 456 3245

Á skíðin  
í veiðitúrin  
í gönguferðina  
í útileguna

# EKKI MISSA AF ÞESSU...

... á skíðavíkunni 2005

**SETNING SKÍÐAVIKU Á SILFURTORGÍ**  
Heilmikið fjör á Silfurtorgi miðvikudaginn 23. mars kl. 17. Lúðrasveitin blæs til skíðaviku og marserar frá Ísafjarðarkirkju niður á Silfurtorg.

**DANSLEIKUR MED Í SVÖRTUM FÖTUM**  
Hljómsveitin í svörtum fötum verður með 18 ára stórdansleik í Félagsheimilinu í Hnifsdal miðvikudagskvöldið 23. mars nk. Stuðið byrjar á miðnætti og er gott að mæta tímanlega þar sem alltaf hefur verið fullt út úr dyrum í öll þau skipti sem þeir hafa komið vestur.

## DORGVEIÐI Í GEGNUM ÍS

Nú drifa allir sig í Dýrafjörðinn þar sem dorgað verður í gegnum ís í Hölmavatni fimmtudaginn 24. mars frá kl. 11 til 15. Skíðvikugestum hefur áður verið boðið upp á þessa iðju og eru allir sammála um að þetta sé hin mestu skemmtun.

## ÞAR SEM DJÖFLAEYJAN RÍS

Skíðvikugestum gefst kostur á að sjá hina metnaðarfullu sýningu L.M.Í á leikritinu *Þar sem djöflaeyjan ríss* eftir Einar Káráson og Kjartan Ragnarsson. Sýningin hefur hlotið afbragðs dóma hjá gagnrýnendum. Leikstjóri

er Þórunn Sigþórsdóttir. Sýningin fer fram í sal skólans, sem líkist nú mest gömlu braggahverfi.

## PÁSKAFERD Í JÖKULFIRÐI

Á föstudaginn langa verður boðið uppá gönguskiða- og skemmtisiglingu í Jökulfirði. Skíðaskóðumenn settir í land á Flæðareyri og ganga göngumenn settir í land á Grunnavík. Þeir með leiðsögumanni létt gönguleið yfir í Grunnavík. Þeir sem ekki vilja ganga á skíðum, sigla áfram með bátnum í skoðunarferð um Jökulfirði og fara á land í Grunnavík, þar sem þeir sameinast göngumönnum í kaffi, kakódrykk og meðlæti í Sútarabúð.

## GÍSLA SAGA Í HÖMRUM

Kómedfuleikhúsíð á Ísafirði sýnir einleik sem byggður er á Gísla sögu Súrssonar. Leikgerð Gísla sögu er eftir Elfar Loga Hannesson sem einnig er eini leikari sýningarinnar og Jón Stefán Kristjánsson sem leikstýrir.

## AFRÓ Í EDINBORG

Afródanskennsla verður í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar Edinborgarhúsinu í Skíðavíkunni. Kennari Yvonne Martines frá Svíþjóð og kennt verður við lifandi tónlist (trommuslátt).

Frábært tækifæri og skemmtileg líkamsrækt sem engin áhugamanneskja um dans og hreyfingu ætti að láta framhjá sér fara.

## ALDREI FÓR ÉG SUDUR

Efn verður til mikillar tónlistarveislu í Edinborg laugardaginn 26. mars. Fjölmargir listamenn sem getið hafa sér gott orð á erlendri grund ásamt heimamönnum, halda upp miklu fjöri á átta tíma tónleikum.

## KÖKUSKÚLPTÚRAGERÐ

Sunnudaginn 27. mars kl. 11 stýrir listakonan Holly Hughes gerð risa kökuskúlptúrs í Íþróttahúsinu á Torfnesi vegna afmælisveislu Skíðavíkunnar. Spennandi og skemmtilegt verkefni fyrir alla fjölskylduna.

## GERÐ RISASNJÓKARLS Á SUÐUREYRI

Verður íslandsmeit slegið á Skíðavíkunni? Sunnudaginn 27. mars kl. 13 er stefnt að því að gera snjókarl sem verði hvorki meira né minna en sjö metrar á hæð og er það vel við hafi á 70 ára afmæli Skíðavíkunnar. Öll fjölskyldan er hvött til að mæta og taka þátt, því eins og málsátturinn segir þá vinna margar hendur létt verk.

## SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA PAKKAR EFTIRTÖLDUM AÐILUM STUÐNINGINN

### BLÓMATURNINN

Blóma- og gjafavöruverslun  
Austurvegi 2, 400 Ísafirði • Sími 456 5397

### NETHEIMAR ehf.

Aðalstræti 18, 400 Ísafirði • Sími 456 5006  
netheimar@netheimar.com www.netheimar.com

### FYLKIR ÁGÚSTSSON

Sími 456 3745 / 896 3745 • Fax 456 3795  
Heimasíða: www.fylkir.is

### VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR

Sundahöfn, 400 Ísafirði • Sími 456 3910

### MIÐFELL

Sindragötu 1, 400 Ísafirði • Sími 450 4000

### SKÓVERSLUNIN SKÓHORNÍÐ

Aðalstræti 24, 400 Ísafirði • Sími 456 4323

### G. E. SÆMUNDSSON ehf.

Málningarverslun og þjónusta  
Sindragötu 14, 400 Ísafirði • Sími 456 3047

### HARÐFISKVERKUN

EINARS GUÐBJARTSSONAR  
Drafnargötu 6, 425 Flateyri, sími 456 7671 og 852 4071

### LÖGFRÆÐISKRIFSTOFA

TRYGGVA GUÐMUNDSSONAR

Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði • Sími 456 3244 • www.tg.is

### KJÖLUR ehf.

Urðarvegi 37, 400 Ísafirði • Sími og fax 456 3698  
Farsímar 852 1636, 852 8334, 852 4878, 895 7191

### FERÐAPJÓNUSTA MARGRÉTAR OG GUDNA

Mánavötu 5, 400 Ísafirði • Sími 456 4146, fax 456 5146  
Netfang: fmng@snerpa.is • Heimasíða: gistihus.is

### STÁL OG HNÍFUR EHF

Slægingar og flökunarþjónusta  
Sindragötu 11, Ísafirði • Sími 456 3430

### LÍKKISTU- OG SMÍÐAPJÓNUSTA ARNÓRS

Skipagötu 17, 400 Ísafirði  
Sími 456 4143 • Netfang: addomagg@simnet.is

### RAFJÓN ehf.

Suðurtanga 7, 400 Ísafirði • Sími 456 4742, fax 456 4743

**CNA**  
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík • Sími 456 7200

# Ökuskoðli Vestfjarða

Auður Yngvadóttir, sími 456 5477 og 893-5478





## NÝBÖKUD BRAUÐ OG KÖKUR

Opið: Virka daga kl. 7–18  
 Laugardaga kl. 7–16  
 Skírdag kl. 7–16  
 Annar í páskum kl. 8–16



**Gamla bakarið**  
**GAMALT EN SÍUNGT**  
**Aðalstræti 24 • Sími 456 3226**



VELKOMIN Á SKÍÐAVIKU!

ERUM VIÐ  
**SILFURTORG**

**Hárkompaní**  
 Sími 456 6363



Silfurgötu 1  
 400 Ísafjörður  
 Sími 456 3210

## MINNINGARKORT

Minningarsjóðs Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði um Úlf Gunnarsson, yfirlækní

### Kortin fást á eftirtöldum stöðum:

- FSÍ, afgreiðsla, sími 450 4500, alla virka daga kl. 8–16.  
Hægt er að greiða símleiðis með gíró eða greiðslukorti
- Bókaverslun Jónasar Tómassonar, Ísafirði.  
Opið á virkum dögum kl. 9–18 og laugardaga kl. 10–12.
- Blómaturalinn, Ísafirði. Opið virka daga kl. 10–18,  
laugardaga kl. 10–18 og á sunnudögum kl. 13–16.

Minningarsjóðurinn er notaður til tækjakaupa fyrir sjúkrahúsið



Lágmarksgjald v/kostnaðar er 500 kr.

## STUDIO DAN

Hafnarstræti 20, Ísafirði • Sími 456 4022

**OPIÐ UM  
 PÁSKANA**

SKÍRDAG	KL. 10–16
FÖSTUD. LANGI	LOKAÐ
LAUGARDAG	KL. 10–16
PÁSKADAG	LOKAÐ
2. PÁSKADAG	KL. 10–16



BLIKKSMIÐJA • EFTIRLIT LOFTRÆSTIKERFA

Árnagötu 1 • Pósthólf 135 • 400 Ísafjörður  
 Sími: 456 5550 • Fax: 456 5551 • Farsímar: 864 6550 og 864 6551

Jónas Guðmundsson

# SÓTT Á BRATTANN

## Á skíðum í Wagrain í Austurríki

Í hugum flestra eru jól og áramót tími sem menn nota til hvíldar og tilbreytingar frá amstri hversdagsins. Pessi tími hentar misvel til þessara hluta. Stundum ber hátíðisdagana upp á hefðbundna frídaga, laugardaga og sunnudaga og verða í raun aðeins stutt helgarfrí. Svo var að þessu sinni sem alþjóð veit, þótt hjá flestum hafi einn frídagur fylgt í kjölfar áramóta. Einn hópur má segja að hafi séð við þessu og á sinn hátt framlengt það stutta frí sem fylgdi síðustu jólum þannig að þau urðu í allt þrjár vikur en ekki þrettán dagar. Sá hópur sem hér um ræðir var um 50 manns, börn og foreldrar þeirra ásamt nokkrum hópi unglings af norðanverðum Vestfjörðum, sem í kjölfar áramóta hélt á vegum Skíðafélags Ísfirðinga í 10 daga skíðaferð til Austurríkis, nánar tiltekið til lítils þorps að nafni Wagrain.

Áður en lagt var í hann höfðu flestir ferða-langanna lagt hart að sér við undirbúning ferðar-innar, skípulagningu, fjároflun o.fl. Þegar nær dró má líklegt teljast að tilhlökkun til jólanna, áramótanna og síðan ferðarinnar hafi hjá flestum að mestu runnið saman í eitt. Þannig var því a.m.k. varið hjá mér og mínum. Hefðbundið



Jói þjálfari með kátan hóp af skíðakrökkum á austurrískum fjöllum. (Ljósm. Jónas Guðmundsson).

jólahald með öllu sem því fylgir, ferð til Reykjavíkur og áramót þar, nýársdagur, síðan sunnudagur og loks einn virkur dagur sem endaði á hóteli í Keflavík. Gott var að gista þar og skilja bílinn eftir áður en flogið var utan snemma morguns daginn eftir.

Þetta var í fyrsta sinn sem ég og tvær dætur

mínar, 10 og 7 ára, fórum í ferð sem þessa, en eiginkonan hafði áður dvalið um hríð ekki fjarri þessum slóðum og brugðið sér nokkrum sinnum á skíði. Ég hafði heyrt í fjölmögum sem farið höfðu út fyrir landsteinana á skíði, t.d. höfðu vinir mínir tveir í lögmannsstétt á Ísafirði ekki dregið af sér að lýsa ágæti svona ferða þótt miklu





Hópurinn sem fór á vegum Skíðafélags Ísfirðinga í skíðaferð til Wagrain í Austurríki í ársþyrjun 2005. (Ljósm. Jónas Guðmundsson).

skipti að þeirra sögn að velja réttan stað.

Eftir þægilegt tæpra 4 klst flug og lendingu á Salzburgerflugvelli, sem er eins og lítt sveitaflugvöllur miðað við flesta viðkomustaði íslenskra flugfélaga, og rúma klst. ferð þaðan með tveggja hæða rútu var komið á áfangastað seinni part þriðjudagsins 4. janúar. Nýtti fólk það sem eftir lifði dags til að koma sér fyrir á hótelinu en of framorðið var til að fara á skíði. Strax um kl. 9 að morgni næsta dags var hins vegar haldið til fjalla eins og gert var alla dagana eftir það. Ókeypis var í strætó sem stansaði örskammt frá hótelinu og var örfáar mínútur að aðallyftunum. Fyrir undirritaðan sem ekki er alveg laus við svolitla lofthraðslu var heilmikil upplifun að fara í fyrsta sinn í þessa litlu klefa sem héngu í vír langt fyrir ofan fjallshlíðarnar og fara á rúnum 10 mínútum úr u.p.b. 800 metra hæð í 1.600 til 1.700 metra hæð um 3 km leið.

### **... heilmikil upplifun að fara í fyrsta sinn í þessa litlu klefa sem héngu í vír langt fyrir ofan fjallshlíðarnar ...**

„Fanna skautar faldí háum“ hugsaði ég

skáldlega þegar ég sá fjallahringinn eftir að upp var komið og ég hafði áttað mig á aðstæðum og jafnað mig á ferðinni upp fjallið. Þarni uppi blasti við mikil fegurð, háttigarleg fjöll með glitrandi tinda sem bar við himin allt um kring.

### **Aðalatriðið var þó að álpast ekki í brekkur sem merktar voru svörtum lit. Sá litur minnir mig helst á dauðann, sem ég hlyti að komast í mikið návigi við ef ég hætti mér í slíkar brekkur.**

Þegar fegurðar fjallanna hafði verið notið um stund var komið að því sem ferðin snerist mest um þ.e. að takast á við brekkurnar. Þá versnaði í því fyrir mig þótt samferðafólkid léti sér hvergi bregða og brunaði sína leið. Lengri og brattari brekkur hafði ég á ævi minni ekki séð fyrr og þorpin fannst mér nánast hverfa í fjarskanum beint fyrir neðan mig. Ég varð því að setja niður fyrir mér í hvernig áföngum ég ætlaði mér að fara niður. Aðalatriðið var þó að álpast ekki í brekkur sem merktar voru svörtum lit. Sá litur

minnir mig helst á dauðann, sem ég hlyti að komast í mikið návigi við ef ég hætti mér í slíkar brekkur. Allra helst vildi ég hafa brekkurnar merktar með bláum lit sem skíðamenn vita að merkir að þær eigi að vera auðveldar flestu fólki og í versta falli rauðar sem eru ætlaðar þeim sem lengra eru komnir. Eftir athugun fann ég bláa brekku. Þegar af stað var farið hugsaði ég eins og klifurmaðurinn í margtilvitnuðu kvædi Tómasar Guðmundssonar:

„... Ráma allt í einu í Drottin; –  
Elsku Drottinn!  
Núna var ég nærrí dottinn!  
Þér ég lofa því að fara  
þvílíkt aldrei framar, bara  
ef þú heldur í mig núna!“

Hélt svo áfram. Allt gekk það þokkalega nema fljóttlega þurfti að stansa bæði til að missa nú ekki stjórn á ferðinni og steypast um koll og til að hvílast. Ferðin tók mikið á fætur sem voru algerlega úr æfingu. Þetta ágerðist talsvert eftir því sem neðar dró og að lokum var svo af mér dregið að ég varð að setjast á næsta veitingastað og hvíla lúna lærvöðva og ökkla. Naut ég þess

# SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA ÞAKKAR EFTIRTÖLDUM AÐILUM STUÐNINGINN



TÆKNIÞJÓNUSTA  
Vestfjarða  
Aðalstræti 26, 400 Ísafirði • Sími 456 3902, fax 456 5097



UPPLÝSINGASÍMI  
UM FÆRÐ Á VEGUM  
1777  
VEGAGERÐIN



MJÓLKURSAMLAG  
ÍSFIRÐINGA  
Sindragötu 2, 400 Ísafirði  
Sími: 456 3251, fax: 456 3933



EFNALAUGIN  
**ALBERT** ehf  
Pollgata 4 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4670



Íslandspóstur hf  
Hafnarstræti 9, 400 Ísafirði • Sími 456 5000



TÖLVU- OG NETÞJÓNUSTA

Mánagötu 6 • Ísafirði ☎ 520 4000 ☎ 520 4009



Fræðslumiðstöð  
Vestfjarða  
Miðstöð simenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum  
Eyrargötu 2-4, 400 Ísafirði • Sími 456 5025, fax 456 5066



ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG  
VESTFJARDA  
Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði  
Sími 450 3000, fax 450 3005

FJARDANET hf.

Grænagarði, 400 Ísafirði  
Sími: 4700 830, fax: 4700 831


Ahlíða veiðafærþjónusta • Gúmmiþjónusta • Pvottastöð



Strandgötu 7b, 410 Hnífsdal • Sími 456 3622



VERSUN  
PÍPULAGNAPJÓNUSTA  
SINDRAGATA 12b. Sími 456 3345



H.V. UMBOÐSVERSLUN  
SUÐURGÖTU 9, ÍSAFIRÐI  
SÍMI: 456 4666 & 456 3207  
FAX: 456 4610



ÍSFANG HF.  
Sími 456 3366  
Fax 456 4468  
Suðurgötu, 400 Ísafirði • Sími 456 3047



PÓLLINN HF.  
Sími 456 3092  
Aðalstræti 9, 400 Ísafirði



ORKUBÚ  
VESTFJARÐA  
Sími 450 3211  
www.ov.is



PRYMUR HF.  
– Vélsmiðja  
Suðurgötu 9, 400 Ísafirði • Sími 456 3711

FISKMARKAÐUR FLATEYRAR

Sími: 456 7818 • Fax: 456 7817  
Heimasíða: www.flateyri.com  
Guðbjartur Jónsson



VERKALÝÐSFÉLAG  
VESTFJARÐA  
Pólgötu 2 • 400 Ísafirði  
Sími 456 5190 / 456 3190  
Netfang: postur@verkvest.is




HAFNARSTRÆTI 1  
400 ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4577  
FAX 456 3147



Silfргötu 5, 400 Ísafirði • Sími 456 3321

**KNH**

Grænagarði 4 • 400 Ísafirði  
Sími 456 3095 • Fax 456 3119  
Netfang: kubbur@netos.is / knh@netos.is



Aðalstræti 24, 400 Ísafirði • Sími 456 4066

Raftækniþjónustan  
**NEXUS**  
tölvu- og netumsjón  
Árholti 5, 400 Ísafirði • Sími 898 7220



Við Silfurorg, 400 Ísafirði • Sími 440 2430, Fax 440 2435

SKIPANAUST ehf.

Suðurtanga 6, 400 Ísafirði  
Sími 456 3899 • Fax 456 4471  
Netfang: skipanaust@netos.is

ELVAR INGASON ehf  
MÁLARAMEISTARI

Sími 561 6204 • Gsm 898 2584



Jói með nokkrum hressum skíðastrákum á góðum degi í Wagrain. (Ljósm. Jónas Guðmundsson).

raunar oft síðar í ferðinni að fara á hina fjölmörgu veitingastaði og fá mér hressingu af ýmsu tagi. Það voru þjáðir fætur sem leituðu hvíldar í lok dags. Sjaldan hefur verið jafnauðvelt að sofna að kvöldi og að þessu sinni. Ekki dugði þó nótin til að hvíla líin bein og það var með harmkvælum að farið var aftur á skíði næsta dag. Þegar farið var af stað niður fór allt í sama farið og urðu leggirnir ávallt styttri sem komist varð hvíldarlaust. Allt hafðist þetta þó þegar líða tók á ferðina en er sagt öðrum til viðvörunar um að mæta helst ekki óundirbúnir í fótunum til leiks í brekkunum. Talsvert var liðið á ferðina áður en draga fór að ráði úr verkjum og stirðleika. Með aðstoð skíðakennara einn dagspart tókst þó að lagfæra stirðbusalegan stílinn nokkuð.

**... að lokum var svo af mér dregið að ég varð að setjast á næsta veitingastað og hvíla lúna lærvöðva og ökkla.**

Í ferðinni var fríður hópur fólks eins og áður segir. Á hótelinu með Vestfirðingunum dvöldust m.a. hópar úr Breiðabliki í Kópavogi og Haukum í Hafnarfirði. Vestfirski hópurinn var skipaður góðu fólk i bæði á skíðum og í sinni. Allir voru jákvæðir og einbeittir í að njóta dvalarinnar og sennilega allir með tölu flínkari á skíðum en skrásetjari. Flest barnanna og unglingsanna voru á daglegum æfingum undir stjórn þjálfaranna Jóhanns Bærings Gunnarssonar og Þorláks Baxter. Á kvöldin varð ekki annars vart en menn tækju því rólega þótt hluti hópsins legði flest kyöld undir sig stóran hluta veitingastofunnar sem var í kjallara hótelins til að efla andann.



Allur hópurinn kominn upp á fjall og tilbúinn í slaginn. (Ljósm. Jónas Guðmundsson).



Beðið eftir kvöldmat eftir langan og strangan dag á fjallinu. (Ljósm. Jónas Guðmundsson).



Skemmtanalífið á staðnum var að sjálfsögðu kannað og reyndist í besta horfi, eða það fannst dansóðu, ungu dömunum frá Ísafirði. (Ljósm. Jónas Guðmundsson).

Vissulega var tekin nokkur áhætta að fara jafn snemma ársins og raun bar vitni í ferð sem þessa. Oft er kalt á þessum árstíma og snjór ekki ein mikill og þegar líða tekur á veturinn. Veðrið að þessu sinni var hins vegar eins gott og framas var hægt að hugsa sér. Hiti yfirleitt í kringum frostmark, logn og sól og færí hið besta. Aðeins einn dag fennti svolítið og dró úr skyggnii. Þan dag hélt hópurinn vel saman og fór á milli svæða. Í þeim leiðangri og til að tefja nú ekki hópinn með því að týnast fylgdi ég öllum fast eftir. Þetta varð til þess að ég fór eina svarta brekku án þess að hafa hugmynd um það í snjómuggunni enda sást ekki lengra en sem nemur einni stíku á vegi í einu. Þegar ég síðar kom að þessari brekku í sól og bírtu þverneitaði ég að fara hana en var þá bent á að ég hefði farið hana áður. Engu að síður lét ég ógert að hætta mér í hana þótt öll fjölskyldan og hópurinn færí hana eins og ekkert væri.

Á þessum árstíma er heldur færra fólk á svæðinu en þegar líða fer fram í febrúar og því rúmt um alla og lítil bið í hinum ótalmörgu lyftur á svæðinu. Mest var um fjögurra, sex eða átta manna stólalyftur sem nota mátti að vild með rafrænum lyftupassa. Eins voru brekkur af öllum gerðum, flestar þó langar og bærilega brattar á íslenskan mælikvarða.

**Á þessum árstíma er heldur færra fólk á svæðinu en þegar líða fer fram í febrúar og því rúmt um alla og lítil bið í hinum ótalmörgu lyftur á svæðinu.**

Ferðir sem þessar eru mjög hollar og góðar samverustundir jafnt fyrir fjölskyldur sem stærri hópa. Hér halda þeir saman sem vilja við holla íðju. Einnig er gott að einbeita sér að öðru en daglegu amstrinu heima á Fróni. Ekki er að efa að flestir í hópnum stefna í aðra ferð á næsta eða þarnæsta ári til að takst á við sjálfa sig og brattar brekkur Alpfjalla. Þótt dalirnir tveir á Ísafirði séu hinir bestu staðir og nánast heimilislegir eftir allar brekkurnar í Ölpunum er vegna hlýinda og umhleypinga hin síðustu ár ekki lengur gott á þá að treysta þrátt fyrir látlusa bjartsýni Jóhanns Torfasonar, ferðafélaga og skíðafrömuðar, um betri tíð með snjó í brekkum. Má vera að hann þurfi að fara að huga að snjóframleiðslutekjur sem vart hefði verið trúð fyrir ekki svo löngu að þyrfti á Vestfirði.

Bolungarvík í febrúarlok,  
Jónas Guðmundsson, skíðagarpur.

# ÓTRÚLEGT ÆVINTÝRI Í SVEITINNI

Þegar skíðagönguáhuginn var endurvakinna í Önundarfirði

Lengi lifir í gömlum glæðum segir máltekið og það er trúlega ekki fráleitt að heimfæra það upp á afrakstur af nokkurra ára viðdvöl Kjell Hymer og Rósu Bjargar Þorsteinsdóttur í Holti í Önundarfirði. Þau fluttu úr Kópavoginum haustið 1994 ásamt tveimur börnum sínum, Þorsteini og Sigurrós og tóku að sér að sjá um barnaskólann í Holti með 25 nemendum á ýmsum aldri. Ekki var þó ætlunin að setjast þar að til langrar dvalar, kannski í eitt eða tvö ár. Árin áttu þó eftir að verða fleiri í sveitinni þar sem þau upplifðu einstakt ævintýri.

Með sinni skemmtilegu lífssýn og lífsgleði tókst þeim að byggja upp í sveitinni ótrúlegan áhuga fyrir gönguskíðaþróttinni. Sá áhugi og þeir krakkar sem þar stigu sín fyrstu spor á gönguskíðum hafa verið kjarninn í skíðagönguhóp Ísafjarðarbæjar allar götur síðan og skarað framúr á landsvísu.

- En er ekki gaman að upplifa það í dag að svo vel hafi til tekist?

,Jú auðvitað er það gaman, en ég hefði viljað gera miklu betur. Þetta var svo sem ekki bara mér að þakka. Ástæðan fyrir því að þetta gekk svona vel var að þá var mikill snjór og margir duglegir



Kjell Hymer stoltur í stofunni heima að Borgarholtsbraut í Kópavogi í mars 2005. Hann er með einkennishúfu Önundar í Önundarfirði sem saumuð var af húsmæðrum í sveitinni og liðið fór með á Andrésar Andarleika á Akureyri fyrir áratug eða svo.  
(Ljósm. H.Kr.)

- lykillinn var að hafa gaman af hlutunum, segir norskur Íslendingurinn Kjell Hymer

krakkar í sveitinni. Lykillinn að árangrinum var að hafa gaman af því sem við vorum að gera,“ segir Kjell og endurtekur þar í raun orð sín í viðtali sem undirritaður tók við hann fyrir blaðið *Vestra* árið 1996, en þar sagði kappinn: „Lífið er skemmtilegt, alveg rosalega skemmtilegt!“

Á þessu byggist einmitt lífsspeki Kjell og Rósu. Þau segja einfaldlega að lífið sé til að hafa gaman af því. Í þeirra huga er greinilega ekki til vont veður. Snjór og ófærð skapa bara nýja möguleika til að gera eithvað skemmtilegt. Eða eins og Kjell sagði fyrir nokkrum árum við ágætar konur sem komu í heimsókn að Holti. Þær höfðu þá verið að vandræðast yfir snjónum og hvað þetta væri allt saman ömurlegt. Kjell varð alveg gáttáður yfir þessum vandræðagangi og spurði: - „Hva, afhverju búið þið þá hérna? Það eina sem þið getið verið vissar um hér á Vestfjörðum er að hér er vetur nfu mánuði á ári. Eruð þið þá lokaðar inni í húsi allan þann tíma?“



Börn og foreldrar mætt á skíði til að taka þátt í göngukeppni við Holtskóla í maí 1995.  
(Úr myndasafni Kjell og Rósu).

## Ísfirðingar hafa allt sem til þarf

Kjell hefur hins vegar áhyggjur af því að menn hafi ekki fylgt þeim áhuga eftir sem þarna tókst að byggja upp á gönguskíðamennningunni. Í dag hafi þessir krakkar enga keppinauta hér á landi og verði að leita erlendis ef þau vilji halda sér við. Þetta sé erfið grein og það þurfi virkilega að hafa fyrir því að halda áhuganum gangandi. Þá sé heldur alls ekki sama hvernig það er gert. Hann segist ekki skilja þetta áhugaleysi hér á landi ef horft er til þess gríðarlega vaxtar sem er í gönguskíðafþróttinni í Evrópu. Allt sé t.d. til staðar í Ísafjarðarbæ til að þar geti verið útvistarparadís, snjór, fjöll og ægifagurt landslag. Hann nefnir sem dæmi að í dag stundi hátt í 4 milljónir manna skíðagöngu sér til ánægju í Pýskalandi og mikill vöxtur er í greininni. Útlendingar séu líka fyrir löngu búinir að átta sig á því að það er hægt að selja ferðamönnum veturnn ekkert síður en sumarblíðuna. Þetta virðist hins vegar ganga frekar hægt hér á landi vegna þess að heimamenn sjá ekki möguleikana sem þeir hafa.

Kjell segir að Ísfirðingar hafi einmítt mjög mikla möguleika á þessu svíði og jafnvel meiri en Akureyringar vegna fjölbreytileika þessa viðfeðma bæjarfélags sem nær frá Hnífsdal, eða öllu heldur frá Hornströndum í Arnarfjörð. Skíðagangan útheimti ekki mikil skíðamannvirki og aldrei verði svo lítill snjór á vetrum að ekki megi finna svæði innan sveitarfélagsins fyrir gönguskiðaiðkun. Kannski hafi menn verið of uppteknir við að byggja upp lyftur og skíðamannvirki.

Kjell bendir á að sterkstu gönguskíðamennirnir á heimsvisu komi einmítt frá litlum samfélögum þar sem stutt er í náttúruna eins og var hjá börnum um í Holtsskóla. Þetta eigi líka við um margar aðrar einstaklingsþróttir. Bestu skíðamennirnir komi sjaldan úr stórum borgarsam-



Fyrsti hópurinn frá Holtsskóla sem fór á Andrésar andarleikana á Akureyri vorið 1995. Aftari röð: Kristín Guðný Sigurðardóttir, Markús Þór Björnsson, Hjalti Ásgeirsson og Jón Axel Jónasson. Fremri röð: Margrét Magnúsdóttir og Bernharður Guðmundsson. (Úr myndasafni Kjell og Rósu).

félögum því þarf að hafa svo mikið fyrir því að komast á skíði.

## Upprunninn í Noregi

Kjell á rætur að rekja til Noregs, en hann kemur upphaflega frá vinabæ Ísafjarðar, Tunsberg sem er rétt sunnan við Oslo. Sagt er að Norðmenn séu fæddir með gönguskíðin á fótunum og án efa er nokkuð til í því. Pennan

áhuga fluttu norskir hvalveiðimenn reyndar með sér í Önundarfjörðinn í upphafi síðustu aldar.

Skíðamennskan á því langa sögu í Önundarfjörði og þar var t.d. haldið skíðamót strax árið 1907 á Þórustöðum. Skíðaiðkun var haldið við í firðinum nánast samfellt fram undir 1960 er hún virtist hverfa að mestu. Það var svo eiginlega ekki fyrr en með Norðmanninum Kjell, sem við hljótum þó að telja Íslending í dag, að



Fánahylling í Holti. Rósa dregur íslenska fánann að húni og síðan sungu krakkarnir fallegt lag. (Úr myndasafni Kjell og Rósu).



Hjónin Kjell Hymer og Rósa Björg Þorsteinsdóttir. (Ljósm. H.Kr.).



Göngumót á túninu fyrir ofan Holtsskóla í maí 1995. (Úr myndasafni Kjell og Rósu).

áhuginn var endurvakinna í sveitinni að nýju að einhverju marki.

### Eltu soninn vestur

Ástæðan fyrir því að þau fluttu vestur var þó eiginlega sonurinn Þorsteinn sem haft hafði spurnir af því framtaki að sett var upp sérstök skíðanámsbraut við Framhaldsskóla Vestfjarða eins og Menntaskólinn á Ísafirði hét þá. Þar sá hann tækifæri til að stunda hefðbundið menntaskólanám samfara þjálfun og námi á gönguskiðum. Þessi námsbraut varð þó ekki langlíf. Kjell og Rós eru sammála um að það hafi fyrst og fremst verið fyrir skammsýni þáverandi skólaþjórnenda sem og skammsýni forsvarsmana í

skíðamálum Ísfirðinga að sú deild lagðist af.

Kjell segir að skammsýni skíðamanna hafi fyrst og fremst falist í því að gefast upp við að efla starf deildarinnar þegar þeir fundu að þeir nutu lítils skilnings hjá stjórnendum skólans.

„Auðvitað áttu menn að halda áfram að berjast,“ segir Kjell, og bendir á baráttu Akureyringa sem þá hafi náð til sín því forskoti varðandi uppbyggingu vetrarþróttar sem Ísfirðingar höfðu alla möguleika á að halda.

### Að nota snjóinn

**- Þegar þið komuð í Öndunararfjörðinn 1994 varst þú þá með fullmótaðar hugmyndir um að kenna Önsfirðingum á gönguskíði?**

„Nei, ég hafði auðvitað ákveðnar hugmyndir um útiveru sem íþróttakennari í Holti. Ég var þá ekki með skíðin í huga og alls ekki það sem síðar varð. Það sem gerðist var að það var svo mikill snjór strax fyrsta veturinn og því um að gera að nota hann. Þá voru allir að bólva snjónum og einkum eftir snjóflóðin í Súðavík. Það var því um að gera að reyna að vinna eithvað á móti því hugarfari. Við byrjuðum á að fá krakkana til að prófa gönguskíði. Síðan kom upp sú hugmynd okkar að fara með sex krakka á Andrésar andarleika á Akureyri. Það var í raun upphafið að þessu öllu saman.

Við fórum með leiguflugvél og fyrir krakkana var þetta miklu meira en að fara að keppa á

**Efri mynd t.v.: Foreldrar, börn og kennarar úr Holtsskóla komin á skíði á Breiðadalsheiði þrátt fyrir þoku.**

**Neðri mynd t.v.: Stórir og smáir tilbúnir í slaginn á startlínunni.**

**Mynd fyrir neðan:** Auðvitað þurfti svo að grilla pylsur enda hluti af allri skemmtuninni. (Úr myndasafni Kjell og Rósu).





Ánægjulega skíðaviku!



Fyrsti hópurinn á útvistarnámskeiði í Holti sumarið 1995. (Úr myndasafni Kjell og Rósu).

gönguskíðum. Það var svo mikil upplifun, pizzur, bíó og allt mögulegt að skoða í leiðinni. Við fengum svakalega gott veður og þarna voru líka foreldrar með í ferð. Hugmyndin var bara að vera með og eftir þetta voru eiginlega allar ferðir okkar fjölskylduferðir. Svo þegar við fórum með krakkana í Fossavatnsgöngu, þá fóru foreldrarnir líka að ganga með börnum. Allt í einu var öll sveitin komin á gönguskíði.

Í eitt skiptið fórum við með 20 keppendur úr Ungmennafélaginu Önundi á Andrésar Andarleika og marga foreldra með. Við vorum með eitt stærsta liðið og það úr þessari litlu sveit. Það var gríðarlega gaman.“

Frekar en annað, þá gerðist þetta svo sem ekki af sjálfsdáðum. Þegar Kjell ákvað að fá gönguskíði fyrir krakkana kom strax í ljós að búnaðurinn sem hægt var að fá hér á landi var allt of dýr. Þá hafði samt verið ákveðið að halda skíðamót eina helgina og Kjell setti sig því sjálfur í samband við gönguskiðaframleiðendur úti í Noregi. Hann sagði þeim að halda ætti keppni og spurði hvort þeir gætu sent þeim skíði fyrir helgina. Það gekk upp og þau voru síðan seld í sveitinni á kostnaðarverði. Þetta spurðist reyndar út og var Kjell um tíma farinn að senda þessi ódýru skíði og skíðaskó vítt og breitt um landið, til Ísafjarðar, Ólafsfjarðar, Akureyrar og Reykjavíkur. Hann hætti því þó þegar sonurinn benti honum á að dæmið væri kannskí orðið helst til umfangsmikið og dýrt fyrir fjölskylduna. Hann rukkaði fólk ekki einu sinni um sendingarkostnaðinn.

### Allt gert fyrir okkur

Kjell segir að þegar þau byrjuðu þá hafi jarðgöngin undir Breiðadalsheiði ekki verið komin í gagnið. Þrátt fyrir það hafi aldrei verið neitt mál að fá aðstoð frá Ísafirði. „Þá fengum við lánað spor frá Ísafirði og síðan fengum við bændurna í sveitinni til að keyra upp brautir fyrir okkur. Björn Helgason var alltaf jákvæður gagnvart þessari starfsemi en það var fyrst og fremst

vegna áhuga og vilja foreldranna í sveitinni að þetta gekk svona vel.

Ég lagði upp með að gera þetta skemmtilegt. Við grófum brautir í snjóinn í Holtsfjallinu og gerðum þar hóla og stökkpalla og ýmsar þrautir. Þetta var því miklu meira en bara að ganga á gönguskíðum.“

### Jafnvægið skiptir máli

Kjell segir að mikið hafi verið lagt upp úr að krakkarnir upplifðu að hægt væri að nota skíði til að komast á milli bæjanna. Þetta væru kjörin samgöngutæki í öllum þessum snjó. Markmiðið var ekki að vera keppnismaður, en ef krakkarnir

### Skemmtun og gleði

Kjell segir að mjög auðvelt sé að hrekja fólk frá gönguskíðaþróttinni. Með því að gera þetta að skemmtun og gleði strax í upphafi þá sé hins vegar auðveldara að fá krakkana til að halda áfram. Í Öndunarfirði hafi þau haft ótrúlega kraftmikla krakka til að byggja á. Margir þeirra hafi haldið áfram og Holtskrakkarnir eru margir enn að stunda skíðaþróttina. Það hafi líka skipt gríðarlega miklu máli hversu mikinn stuðning krakkarnir fengu frá sínum foreldrum.

### Útvistarskólinn

Þegar leið að sumri 1995 fengu þau hjón þá hugmynd að búa til einskonar útvistarskóla með námskeiðahaldi yfir sumarið. Höfðu þau jafnvel hugmyndir um að útvíkka hugtakið yfir vetrartímann líka og kenna fólk i að hafa gaman af náttúrunni. Þau fengu skólahúsið lánað en allt annað var gert án opinbers stuðnings. Sjálf keyptu þau fjöldann allan af tjöldum, prímusum og öðrum viðlegubúnaði á eigin kostnað til að nota við námskeiðahaldið.

„Við gerðum þetta eitt sumar og við héldum þrjú tíu daga námskeið,“ segir Rós. „Það var eins með þetta og skíðaiðkunina að við fengum ómetanlega aðstoð frá bændunum í sveitinni. Þeir tóku á móti krökkunum í fjósið á morgnana og svo fengum við þá sem áttu stærstu bíflana til að keyra okkur inn í Dýrafjarðarbotn. Einnig



Útvistarhópur búinn að slá upp tjöldum í Dýrafjarðarbotni. (Úr myndasafni Kjell og Rósu).

lánuðu þeir okkur heimalningana sína og það var verkefni að gefa þeim mjólk tvívar á dag.

Í fyrstu tveimur hópunum voru 13 og 11 þátttakendur og 5 í síðasta hópnum. Þetta var mjög gaman en líka erfitt. Við vorum að mestu tvö í þessu auk móður minnar sem var í eldhúsinu. Þá var Steini sonur okkur að hjálpa okkur líka og tók með okkur næturvaktir. Farið var í útilegur með börnin inn í Dýrafjarðarbotn, farið í fjallgöngur, rauðmagaveiðar og ýmislegt skemmtilegt tekist fyrir hendur.“



# fersk sending

Tökum það með  
**trukki**



Allir eiga að geta gengið að ferskum matvælum vísum  
– hvar sem þeir búa!

Bílar og vörugeymslur Landflutninga-Samskipa taka sérstaklega  
mið af þessu með háþróuðum kælibúnaði sem tryggir að varan  
kemst alltaf fersk til móttakanda.

Upplýsingar í síma  
**458 8000**  
og á [landflutningar.is](http://landflutningar.is)

**Landflutningar**  
**SAMSKIP**

Öflugt dreifikerfi um allt land



Stóru skíðagöngumóti slegið upp við Holtsskóla í mars 1998. (Ljósm: H.Kr.)

Kjell segir að mest hafi þetta verið krakkar úr nágrannabyggðum, en þarna voru líka krakkar að sunnan. Rétt fyrir jól veturninn eftir var fólk farið að hringja að sunnan og spryra hvort ekki yrðu fleiri námskeið næsta sumar. Þá var þetta farið að spryjast og hjón sem voru á leið til útlanda þá um sumarið sögðu þeim að strákurinn þeirra vildi heldur fara vestur í Holt en með þeim til útlanda. Ekki varð þó úr að námskeiðunum yrði haldið áfram þar sem hjónin í Holtsskóla treystu sér ekki í slíkt úthald aftur án aðstoðar.

### Skíðaferðalag til Noregs

„Um áramótin 1997–1998 fórum við hins vegar með 30 manna hóp til æfinga í Noregi. Það var fólk frá Önundarfirði, Ísafirði, Ólafsfirði og Siglufirði. Í þessum hópi voru t.d. allir eldri krakkarnir í Önundarfirði sem æfðu göngu og ég, Rósa og Þorsteinn. Við vorum þarna í tíu daga við æfingar. Þessi ferð var fjármögnuð með sölu á kartöflum, blómum og ýmsu öðru. Farið var um allan Ísafjarðarbæ að selja. Þetta hefði aldrei getað gerst nema með þátttökum foreldranna í undirbúningsstarfinu.“

Kjell segist hafa verið að vonast eftir að áhuginn fyrir gönguskíðaþróttinni lifnaði við á Ísafirði og víðar. Það virðist hins vegar enn vanta einhvern neista eða áhuga. Vissulega sé um mjög krefjandi fyrir óðrara að ræða og mikilvægt sé að þetta fólk fái hvatningu. Tómt mál sé líka að tala um að afreksmenn verði til nema þeir fái tækifæri til náms í skíðaskólam erlendis. Það sé hins vegar dýrt og varla á færi einstaklinga nema með stuðningi opinberra aðila. Áhuginn á skíðagöngu hafi farið dvínandi, og þá ekki bara á Ísafirði.

### Nauðsynlegt að finna lausn

„Það hefur að vísu vantað snjó á láglendi, en það á ekki að vera vandamálið varðandi göng-

una. Ég vil því hvetja Skíðafélag Ísafjarðar til að hóa saman göngumönnum, keppnismönnum, þjálfurum og öðrum sem hafa reynslu á þessu sviði til að ræða málin. Reyna að finna út hvað sé að og hvað þurfi að gera til að efla áhugann að nýju.“

Kjell er sannfærður um að það sé hægt að gera ótrúlegustu hluti á þessu sviði. Íslendingar verði að öðlast trú á sjálfa sig og læra að meta hvers virði náttúran er. Möguleikarnir séu óendan-

í Holtsskóla. Þegar farið var að bjóða þar upp á skíðagöngu og ýmiss konar útvist sem foreldrarnir tóku þátt í, þá efldist samkenndin til mikilla muna. Það voru allir íbúarnir meira og minna þátttakendur í þessu. Þau hafi hins vegar fundið greinilega breytingu eftir að jarðgöngin voru opnuð 1996 og eftir sameiningu sveitarfélaga sem nú tilheyra Ísafjarðarbæ. Þá hafi það gerst að los kom á fólkid í sveitinni. Það var allt í einu orðið hluti af stærri heild og fannst það ekki hafa eins mikið að segja eins og í sveitinni áður.

Samkenndin sem áður var nær algjör, þar sem allir hjálpuðust að við að halda uppi mannlífi í sínu litla samfélagi, fór að dvína. Þá gliðnaði samfélagið í kjölfarið og fólk fór að flytjast á brott. Þetta reyndist vera fylgisfiskur þess að hagræða fyrir heildina eins og það heitir á hagfræðimáli. Slíkar hagræðingar eru venjulega framkvæmdar með sameiningu sveitarfélaga og fyrirtækja án þess endilega að hugsa um einstaklingana sem þar eiga hlut að máli. Hugsunin snýst miklu fremur um peninga.

### Besta skíðasvæði landsins

Sjálfur reyndi Kjell að gera sitt til að nýta það besta sem fælist í sameiningu sveitarfélaga og opnun Vestfjarðaganga. Hann fór m.a. með börnin úr Holti á skíði á Seljalandsdal. - „Þarma



Mótsstjórnarir á Holtsmóti í mars 1998, talið frá vinstrum: Guðmundur Ágústsson (Muggur) Kristjánsson, Kjell Hymer. Fremst er svo Silja Rán, dóttir Muggs. (Ljósm. H.Kr.).

legir. Hér á landi séu miklu meiri möguleikar fyrir gönguskíði en svigskíði. Þá sé það líka ódýrara. - „Lykillinn að þessu öllu saman er að kenna fólkini að njóta náttúrunnar bæði sumar og vetrur.“

### Hagræðingin kostaði upplausn

Þau hjón eru sammála um að í sveitinni hafi verið gott samfélag sem tengdist í gegnum börnin

er frábær aðstaða og ég held að flestir séu sammála um það að þarna er besta skíðasvæði landsins,“ sagði Kjell í samtal við Vestra í mars 1996. Þau hjón sáu þá mikla kosti felast í opnun jarðganganna til hagsbóta fyrir byggðirnar vestan Breiðadalsheiðar. Ekki fór þó allt eins og þau vonuðust til.

„Það varð svo mikill óróleiki og allt starfið í héraðssambandinu breyttist,“ segir Kjell.

pp á  
for-  
n til  
a og  
egar  
ngin  
itar-  
það  
var  
nnst  
og í

sem  
lifi í  
naði  
ast á  
ss að  
hag-  
alega  
ga og  
ein-  
sunin

nýta  
élagu  
með  
þarna



## Gámaþjónusta Vestfjarða

Umhverfið er framtíðin,  
gættu þess vel

Leigjum út sorpgáma & salerni

Gámaþjónusta Vestfjarða • Góuholti 14 • 400 Ísafirði  
Símar: 456 4760 & 456 4340 • [www.snerpa.is/gamar](http://www.snerpa.is/gamar)



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

þar sem tryggingar  
snúast um fólk

HAFNARSTRÆTI 1, 400 ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 3555, FAX 456 4619



## SKÍÐAÁBURÐUR

fyrir svigskíði, bretti og gönguskíði



FG20 FLUOR GLIDER BLUE  
-6° -12° gr. 50



FG30 FLUOR GLIDER VIOLET  
-2° -7° gr. 50



FG40 FLUOR GLIDER RED  
0° -4° gr. 50



FG50 FLUOR GLIDER YELLOW  
+1° -2° gr. 50



FC1 FLUOR  
+2° -4° gr. 30



FC2 FLUOR  
-1° -8° gr. 30



FC4 FLUOR  
-2° -8° gr. 20



FC3 FLUOR  
-3° +8° gr. 20

Áburðarþjónusta  
fyrir gönguskíði

NUPUR

Núpur ehf.  
Dreifingaráðili fyrir RODE  
Ljóninu, Skeiði 1, Ísafirði  
Sími 456 3114 • [www.nupur.is](http://www.nupur.is)

## Kannski spurning um framkvæmd

Þau hjón vilja þó ekki segja að sameining þurfi í sjálfu sér að vera slæm. Spurningin sé heldur hvernig að henni sé staðið. Fólk í þessum litlu samfélögum þurfi að hafa á tilfinningunni að það skipti áfram einhverju máli.


Hugmyndir voru t.d. uppi um íbúðabyggð í Holti. Ástæðan fyrir því að ekkert gerðist í þeim málum var m.a. áhugaleysi bæjaryfirvalda á Ísafirði sem börðust þá við að ná utan um vaxandi fjárhagsvanda í kjölfar hnignunar í sjávarútvegi. Einnig sú staðreynnd að landið í Holti tilheyrdi kirkjujörðinni og líttill áhugi var á að gefa það eftir. Ef þarna hefði verið farið í uppbyggingu, þá telja þau hjón líklegast að þau hefðu haldið áfram sínu uppbyggingarstarfi í sveitinni.

„Við hefðum örugglega látið glepjast og sætum þar enn,“ segir Rósa og hlær.

## Lærdómsríkar breytingar

Kjell og Rósa eru samt sammála um að sorglegt sé að ekki hafi verið mannfræðingur á staðnum til að skrá og upplifa þessar miklu samfélagslegu breytingar sem urðu með tilkomu jarðganganna og sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Af þeim upplýsingum hefði örugglega mátt læra ótal margt sem menn gerðu sér ekki grein fyrir meðan mesta umrótíð stóð yfir.

Þau segja að svo virðist sem íbúar Ísafjarðar



Kjell Hymer. (Ljósm. H.Kr.).

og fleiri bæjarfélaga á landsbyggðinni séu of uppteknir við að búa til litlar stórborgir út um allt með öllu sem borgum tilheyrir. Þetta virðist einfaldlega ekki vera hægt í litlum samfélögum og er hreinlega of dýrt. Þau þurfi því að hafa möguleika á að þróast á annan hátt. Erfitt sé þó að alhæfa um með hvaða hætti það eigi að vera, en alla vega virðist sameining og fjárhagsleg hagræðing ekki hafa náð tilætluðum árangri fyrir vestan. Það sjáist best á því að fólki hafi fækkað nær stöðugt allan tímann frá sameiningu. Þegar fólki finnst það ekki lengur hafa hlutverk í samféluginu þá flytur það, ekki til Ísafjarðar, heldur suður í allt annað umhverfi.

## Skólinn lagður niður

Allt gott tekur þó einhvern tíma endi. Kjell og Rósa ákváðu að skipta um starfsvettvang og fór Kjell þá að sinna félagsmálunum hjá Ísafjarðarbæ, en Rósa gerðist skóla- og menningarfulltrúi Ísafjarðarbæjar og var fyrst í stað með aðsetur á Flateyri. Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar ákvað síðan að leggja niður Holtsskóla og þá þurfti Rósa sem skóla- og menningarfulltrúi að senda sveitinni þá tilkynningu. Hún segir að það hafi verið erfitt verk. Eftir um tvö ár í þessum hlutverkum ákváðu þau að pakka saman árið 2000 eftir 6 ára veru fyrir vestan.

## Sakna liðins tíma

Nú búa Kjell og Rósa við Borgarholtsbrautina í Kópavogi í húsinu þar sem Rósa er uppalin. Þau fluttu því aftur heim í Kópavoginn þegar þau ákváðu að yfirgefa Vestfirði. Þau minnast dásamlegs og lærdómsríks tíma í Holti með miklum söknuði, en gleði í senn og segja að þetta hafi verið hreint ótrúlegt ævintýri. Þau hefðu ekki fyrir nokkurn mun viljað missa af því. Þá er heldur ekki ónýtt að ylja sér við að afvaksturinn af uppbyggingu skíðaþróttarinnar í Önundarfirði hefur skilað sér vel til krakkanna í Holtsskóla sem nú eru reyndar vaxin úr grasi.


[www.skidavikan.is](http://www.skidavikan.is)

# SKÍÐAVÍKAN ÍSAFIRÐI

23.-28.MARS



Tvíkeppni byggðasafnsins  
Dorgveiði gegnum ís  
Skíðaferðir  
Garpamót  
Páskaeggjamót  
Hraðabrun  
Ratleikir  
Risatónleikarnir „Aldrei fór ég suður“  
Uppákomur á skíðasvæði  
Leiksýningar  
Keppnir  
Grillveislur  
Skíðanótt  
Skíðakennsla  
... og margt margt fleira

- allir á heimavelli -



ÍSFIRÐINGAR, NÆRSVEITARMENN  
OG GÓÐIR GESTIR  
VELKOMIN Á  
ROKKHÁTÍÐ ALPÝÐUNNAR

[www.skidavikan.is/festival](http://www.skidavikan.is/festival)



Velkomin á Skíðaviku!

Gleðilega páskar.



**Carlsberg**  
léttöl

Líklega besti ... í heimi.

# DAGSKRA SKIÐA

## MÍDVIKUDAGUR 23. MARS

### 17:00 Setning Skíðaviku á Silfurtorgi

Heilmikið fjör á Silfurtorgi. Lúðrasveitin marserar frá Ísafjarðarkirkju niður á Silfurtorg. Fjölskylduvæn skemmtidagskrá. – Fylgist með á skíðavikuvefnun.

### 20:00 „Pianóíð í nýju ljósi“ - Tónleikar í Hömrum

Á þessum tónleikum heyrast ýmis framandi kynjahljóð úr heimi píanósins, en á þeim mun Tinna Þorsteinsdóttir pianoleikari flytja nýstárleg píanóverk frá 20. og 21. öldinni. Aðgangseyrir er kr. 1.200, lífeyrisþegar borga kr. 800, skólaþólk 20 ára og yngri fá frítt inn.

### 00:00 Stórdansleikur með í Svörtum Fötum

Hljómsveitin í Svörtum Fötum verður með 18 ára stórdansleik í Félagsheimilinu í Hnifsdal. Stuðið byrjar á miðnætti og er gott að mæta tímanlega þar sem húsfullir hefur verið í hvert skipti sem þeir hafa komið vestur.

### 00:00–03:00 Ball í Sjallannum

Opnumarball Skiðavikunnar, nánar auglýst síðar hverjir stiga á stokk.

### Útibingó á vegum Björgunarfélagsins

GönguBingóið gerði mikla lukku í fyrra. Misunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Eins konar ratleikur þar sem þú safnar bingótolum. Veg og vanda að Bingóinu hefur Björgunarsveitin. Bingóspjöld eru seld í Hamraborg.

## FIMMTUDAGUR 24. MARS (SKÍRDAGUR)

### 11:00–15:00 Dorgveiði í gegnum ís

Nú drifa allir sig í Dýrafjörðinn þar sem dorgað verður í gegnum ís í Hólmavatni. Skíðvikugestum hefur áður verið boðið upp á þessa iðju og eru allir sammála um að þetta sé hin mesta skemmtun. Greiddar eru kr. 500.- fyrir hvert veitt kíló. Umsjón og upplýsingar veitir Sigmundur í síma 863 4235.

### 13:00 Skíðagöngukennsla á Seljalandsdal

Göngunefnd Skiðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyrir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið. Allir velkomnir.

### 14:00–16:00 Páskabingó JCI Vestfjarða

JC-félagar verða með páskabingó. Nánar auglýst síðar.

### 13:00 2 á 2 Körfuboltamót

KFÍ stendur fyrir „Tveimur á tvo“ körfuboltamóti í íþróttahúsinu Torfnesi.

### 14:00–16:00 Slöngurall

Björgunarfélagið sér um slöngurall í Tungudal.

### 17:00 „Disa og Þórunn“ - Söngskemmtun í Hömrum

Herdís Anna Jónasdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir bjóða vinum og velunnurum til söngskemmtunar í Hömrum á Ísafirði á skírdag kl. 17:00. Þær flytja þær stutta og aðgengilega dagskrá úr ýmsum áttum. Sigríður Ragnarsdóttir leikur með þeim á píanóíð. Aðgangseyrir að söngskemmtuninni er ókeypis og öllum frjáls.

### 16:00–18:00 Íþróttadagur fyrir almenning á Þingeyri

Íþróttahúsið á Þingeyri verður opíð frá kl. 15:00–17:00. Hægt verður að fara í sauna, sund og í íþróttasal þar sem verður boðið upp á spinning, streetball og kraftlyftingar. Aðgangseyrir kr. 650. Nánari upplýsingar í síma 456 8375.

### 19:00 Matur og skemmtun hjá SKG Veitingum á Hótel Ísafirði

Tónlistarmaðurinn og fyrrum skíðakennarinn Eyjólfur Kristjánsson mætir með kassagitarinn og skemmtir skíðavikugestum. Boðið verður upp á glæsilegt ostahlaðborð ásamt léttum matseðli. Borðapantanir í síma 456 3360.

### 20:00 Þar sem djöflaeyjan ríð - í Menntaskólanum á Ísafirði.

Skiðavikugestum gefst kostur á að sjá hina metnaðarfullu sýningu L.M.Í á leikritinu „Þar sem djöflaeyjan ríð“ eftir Einar Káráson og Kjartan Ragnarsson. Leikstjóri er Þórunn Sigþórssdóttir. Sýningin fer fram í sal skólangs, sem líkist nú mest gömlu braggahverfi. Miðaverð er kr. 2.000. Miðasala í síma 456 5700.

21:00–00:00 **Fyndnasti maður Vestfjarða - úrslitakvöld**  
Gerði mikla lukku í fyrra þegar keppnin var frumreynð, ekki er von á minna stuði í ár.

20:00–23:00 **Brettakvöld**  
Með svipuðu sniði og í fyrra. Heilmikið fjör.

Til 24:00 **Sjallinn - Páskapöbbinn**

**Útibingó á vegum Björgunarfélagsins**  
Misunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

## FÖSTUDAGUR 25. MARS (FÖSTUD. LANGI)

### 10:00 Páskaferð í Jökulfirði

Á föstudaginn langa verður boðið uppá gönguskíða- og skemmtisiglingu í Jökulfirði. Lagt verður af stað kl. 10:00 og siglt norður að Flæðareyri. Þar verða skíðagöngumenn settir í land og ganga þeir með leiðsögumanni léttu gönguleið yfir í Grunnavík. Þeir sem ekki vilja ganga á skíðum, sigla áfram með bátnum í skoðunarferð um Jökulfirði og fara á land í Grunnavík, þar sem þeir sameinast göngumönnum í kaffi, kakódrykk og meðlæti í Sútarabúð. Lagt verður af stað til Ísafjarðar milli 16:00–17:00. Heildarverð er kr. 4100 krónur á mann. Uppl. og bókanir í síma 456 3879 eða síma 892 1879.

### Útibingó á vegum Björgunarfélagsins

Misunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

### 13:00 Grillveisla í Tungudal

Grillveisla á furðufatadegi. Þeir eru mættir aftur furðufuglarnir með kók og bestu pylsur í heimi. Krakkur, mætið endilega í skrifnum fótum og platið foreldrana með í fjöri!

### 14:00–16:00 Stuð á Dalnum

Dagskrá fyrir börnir

### 14:30 Sælgætisregn í Tungudal

Krakkarnir ærast er vængjuðum karamellum rignir af himnum ofan...

### 14:30 Tvikeppni Byggðasafns Vestfjarða í Tungudal

Rennsli með sneiðingum og 120 skrefa hlaup á skíðum. Aldagömul tvikeppni í göngu og rennsli sem endurvakin var á Skíðaviku 2001. Allir hvattir til þátttöku en virðulegur klæðnaður er áskilinn. Keppni sem vakið hefur mikla athygli! Skráning á staðnum.

### 16:00–18:00 Sýning í Slunkaríki

Myndlistarmaðurinn Ransu sýnir.

### 19:00–04:00 Ísfirskar Perlur í Krúsinni

Viðamesta og flottasta sýning í sögu Krúsarinnar. Matur, dansleikur og skemmtun þar sem fram koma margar skærstu stjórnur ísfirks tónlistarlífs í gegnum tíðina, eða Ingibjörg Guðmundsdóttir, Reynir Guðmunds, Margrét Geirs, Rúnar Þór og Kolbrún Sveinbjörns ásamt störsveit B.G. Miða- og borðapantanir í síma 456 4505. Aldurstakmark: 18 ár. Skemmtun.is

### 19:00 Matur og skemmtun hjá SKG Veitingum á Hótel Ísafirði

Eyjólfur Kristjánsson mætir með kassagitarinn og skemmtir skíðavikugestum. Boðið upp á glæsilegt ostahlaðborð ásamt léttum matseðli. Borðapantanir í síma 456 3360.

### 20:00 Tónleikar í Ísafjarðarkirkju - „Heill míns hjarta“

Á föstudaginn langa heldur Hljómsveit Tónlistarskóla Ísafjarðar tónleika í Ísafjarðarkirkju undir yfirskriftinni „Heill míns hjarta“, þar sem m.a. verða fluttir þættir úr kirkjulegum verkum. Hljómsveitin er nú skipuð 11 nemendum Tónlistarskóla Ísafjarðar á aldrinum 14–20 ára, en stjórnandi er Janusz Frach. Gestir hljómsveitarinnar á tónleikunum eru Kammerkóinn, en stjórnandi hans er Guðrún Jónsdóttir, einsöngvararnir Ingunn Ósk Sturludóttir mezzósópran og Mariola Kowalczyk alt auk söngþóps nemenda úr Tónlistarskóla Ísafjarðar og Listaháskóla Íslands. Aðgangseyrir er kr. 1.200, en lífeyrisþegar og skólaþólk 20 ára og yngri borga kr. 600.

### 22:00 Gísla Saga í Hömrum

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði sýnir einleik sem byggður er á Gísla sögu Súrssonar. Leiðgerð Gísla sögu er eftir Elfar Loga Hannesson sem einnig er eini leikari

# AVIKUNNAR 2005

sýningarinnar og Jón Stefán Kristjánsson sem leikstýrir. Miðasala er á Langa Manga í síma 456 3022. Miðaverð kr. 1500.-

## 23:00–03:00 Upphitun fyrir aldrei fór ég suður á Langa Manga

Dr. Kári, Halldór og Sunneva, Logi og Olavi ásamt óvæntum gestum troða upp. Um að gera að koma sér í girinn fyrir Rokkveisluna.

## 00:00 Stórdansleikur með Írafári í Félagsheimilinu Hnífsdal

Hljómsveitin Írafár er komin aftur og heldur stórdansleik í Félagsheimilinu Hnífsdal. Dansleikurinn hefst á miðnætti og nánari uppl. um miðasölu verða gefnar upp síðar.

## LAUGARDAGUR 26. MARS

### 11:30–13:00 Afró í Edinborg

Afródanskennsla verður í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar Edinborghúsínu í Skíðavunni. Kennari Yvonne Martines frá Svíþjóð og kennt verður við lifandi tónlist (trommuslátt). Frábært tækifæri og skemmtileg líkamsrækt sem engin áhugamanneskjá um dans og hreyfingu ætti að láta framhjá sér fara. Skráning og upplýsingar hjá listaskoli@edinborg.is og í síma 456 5444

### 12:00 Hótel Ísafjarðarmótið í göngu

Hið árlega Gónguskiðamót Hótelss Ísafjarðar á Seljalandsdal. Allir velkomnir og ekkert þátttökugjald. Skráning á staðnum.

### 12:00–16:00 Flóamarkaður JC Vestfjarða

Um að gera að kikja á flóa og gera góð kaup. Haldinn í Ljóninu uppi á loftinu.

### 13:30 Páskaeggjamót Samskipa

Kept verður í göngu og samhlíðasvigi á TORFNESSI. Hápunktur Skíðavunknarr hjá yngstu kynslóðinni. Allir krakkar fæddir 1992 og yngri velkomnir til þátttöku.

### 14:00–16:00 Stuð á Dalnum

Dagskrá fyrir börnin.

### 15:00–17:00 Íþróttadagur í Íþróttahúsinu Torfnesi

Ámi Heiðar Ívarsson íþróttakennari verður með íþróttadag fyrir krakka á öllum aldir. Farið verður í ýmiss konar leiki. Auk þess trampolin og fleira fyrir krakkana til að spreytta sig á. Húsið opit til kl. 18:00. Aðgangseyrir kr. 400. Nánari uppl. í síma 895 9241.

### 16:00–18:00 Sýning í Slunkaríki

Myndlistarmaðurinn Ransu sýnir.

### 16:00–00:00 Aldrei fór ég suður - rokkhátíð alþýðunnar

Efn verður til mikillar tónlistarveislu í Edinborg. Fjölmargir listamenn sem getið hafa sér gott orð á erlendri grund ásamt heimamönnum, halda upp miklu fjöri á átta tíma tónleikum. Allir velkomnir og frítt inn. Vefur hátiðarinnar www.skidavikan.is/festival

### 19:00 Matur og skemmtun hjá SKG Veitingum á Hótel Ísafirði

Eyjólfur Kristjánsson mætir með kassagítarinn og skemmtir skíðavikugestum. Boðið upp á glæsilegt ostahlaðborð ásamt léttum matseðli. Borðapantanir í síma 456 3360.

### 19:00–04:00 Ísfirskar Perlur í Krúsinni

Viðamesta og flottasta sýning í sögu Krúsarinnar. Miða- og borðapantanir í síma 456 4505. Aldurstakmark 18 ár. Skemmtun.is

### 23:00–03:00 Kung-Fú í Sjallanum

Ball með hressu strákunum í Kung-Fú. Aldurstakmark 18 ár.

### Útibingó á vegum Björgunarfélagsins

Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

## SUNNUDAGUR 27. MARS (PÁSKADAGUR)

### 11:00 Kökuskúltúrgerð í íþróttahúsinu Torfnesi

Listakonan Holly Hughes stýrir gerð risa Kökuskúltúrs vegna afmælisveislu Skíðavunknarr. Spennandi og skemmtilegt verkefni fyrir alla fíðskylguna.

### 11:30–13:00 Afró í Edinborg

Afródanskennsla í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar í Edinborghúsínu. Skráning og upplýsingar hjá listaskoli@edinborg.is og í síma 456 5444

### 12:00–13:00 Skíðagöngukennsla

Göngunefnd SFÍ býður upp á skíðakennslu á Seljalandsdal. Allir velkomnir.

### 12:00 Garpamótið í göngu á Seljalandsdal

Þetta er keppni mestu göngugarpa landsins! Allir garpar hvattir til að taka þátt.

### 13:00–17:00 Gerð Risa-snjókarls á Suðureyri

Verður íslandsmeit slegið á Skíðavunknari? Stefnt er að því að snjókarlinn verði hvorki meira né minna en sjó metrar á hæð Öll fíðskyldan er hvött til að mæta og taka þátt, því margar hendur vinna létt verk. Staðsetning nánar auglýst síðar.

### 13:30 Garpamótið í svigi í Tungudal

Nú verður aldeilis tekið á því, skíði smurð, keppnisgallar mátaðir, þrekpróf tekin og dælt í sig prótini og orkudrykkjum. Munið samt að þetta er bara leikur...eða hvað?

### 14:00 Skíðaævintýri í Önundarfirði

Björgunarsveitarmenn sjá um að draga skíðamenn frá Seljalandsdal yfir Vestfjarðahásléttnu. Skíðað niður í Önundarfjörðinn í brekkum við allra hæfi. Endað í sundi og sauna á Flateyri. Ferð sem hefur heppnast mjög vel. Mæting við topp Miðfellslyfunar. Verð kr. 1.000.- Umsjón: Rúnar Óli Karlsson. Nánari upplýsingar í síma: 869 7557

### 15:00 Þar sem djöflaeyjan rís - í Menntaskólanum á Ísafirði

Sýning L.M.Í á leikritinu Þar sem djöflaeyjan rís eftir Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson. Sýningin fer fram í sal Menntaskólans. Miðasala í síma 456 5700.

### 16:00 70 ára afmælisveisla Skíðavunknarr

Kökuskúlturinn sem útbúinn var fyrr um daginn verður snæddur, skemmtidagskrá og húllum-hæ i tilefni afmælisins.

### 16:00–18:00 Sýning í Slunkaríki

Myndlistarmaðurinn Ransu sýnir.

### 19:00–04:00 Ísfirskar Perlur í Krúsinni

Viðamesta og flottasta sýning í sögu Krúsarinnar. Miða- og borðapantanir í síma 456 4505. Aldurstakmark 18 ár. Skemmtun.is

### 00:00–03:00 Kung-Fú í Sjallanum

Ball með hressu strákunum í Kung-Fú. Aldurstakmark 18 ár.

### Útibingó á vegum Björgunarfélagsins

Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

## MANUDAGUR 28. MARS (ANNAR Í PÁSKUM)

### 11:30–13:00 Afró í Edinborg

Afródanskennsla í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar í Edinborghúsínu. Skráning og upplýsingar hjá listaskoli@edinborg.is og í síma 456 5444

### Útibingó á vegum Björgunarfélagsins

Mismunandi gönguleiðir fyrir mismikla göngugarpa. Bingóspjöld seld í Hamraborg.

**DAGSKRÁ SKÍÐAVUNKNAR ER BIRT MED FYRIRVARA UM BREYTINGAR.**  
**ALLAR DAGSKRÁRBREYTINGAR VERDA SETTAR JAFNÓÐUM INN Á [www.skidavikan.is](http://www.skidavikan.is)**



Frá starti í Fossavatnsgöngunni 2004. (Ljósm. Hrafn Snorrason).

Heimir Hansson

# FOSSAVATNSGANGAN

Fossavatnsgangan er jafnan lokapunkturinn á vertíð skíðagöngufólks á Íslandi. Gangan, sem jafnan er lang fjölmennasta skíðagöngumót á Íslandi, dregur að sér þátttakendur á öllum aldri og af öllum getustigum enda er henni ætlað að vera vettvangur fyrir alla unnendur skíðaíþróttarinnar og hollrar útiveru, hvort sem það eru þrautþjálfaðir keppnismenn, útvistarfolk, trimmarar, byrjendur eða börn. Allir geta valið sér vegalengd við hæfi og þeir sem ekki ná sér á strik í brautinni geta bætt það upp með góðri frammistöðu á hinu víðfræga kaffihlaðborði, sem fyrir löngu er orðið órjúfanlegur hluti af göngunni.



Fossavatnsgangan 1936.



Fossavatnsgangan 1938. Sigurður Jónsson, Gísli B. Kristjánsson, Páll Jörundarson, Halldór Sveinbjörnsson, Magnús H. Kristjánsson, óþekktur.

Fossavatnsgangan var fyrst haldin annan dag páskasins árið 1935 og verður því haldið upp á 70 ára afmæli hennar nú í vor. Það voru sjö harðjaxlar sem tóku þátt í fyrstu göngunni og endaði hún með sigri Magnúsar Kristjánssonar úr Skátafélaginu Einherjum. Gangan var árviss viðburður á árunum 1935–1939 en fél svo niður næstu 14 árin þar á eftir. Eftir að hún var endurvakin árið 1955 hefur hún farið fram á hverju ári.

Lengst af var aðeins boðið upp á eina vega-lengd í Fossavatnsgöngunni, um 20 km leið sem byrjaði undir Vatnahnjúk, skammt frá Fossavatni, og lá yfir á Seljalandsdal. Árið 1987 var hálfrí Fossavatnsgöngu bætt við, með rásmarki á Botnsheiði og endamarki á Seljalandsdal. Tveimur árum síðar var farið að bjóða upp á léttu 7 km braut sem hentar allri fjölskyldunni. Þessar breytingar áttu stóran þátt í því að laða að fleiri þátttakendur og gera Fossavatnsgönguna að þeirri skíða- og fjölskylduhátið sem hún er í dag. Síðastliðið vor var svo enn einni nýjunginni bætt við þegar í fyrsta sinn var boðið upp á 50 km vegalengd. Með þessari breytingu er komið til móts við óskir vaxandi hóps íslensks skíðagöngufólks sem vill spreyna sig á lengri vegalengdum og um leið er verið að gera gönguna að fýslegri kosti fyrir erlent áhugafólk um íþróttina.

## Fossavatnshlaupið

Á annan páskadag fór fram að tilhlutan Skíðafélags Ísfirðinga svo nefnt Fossavatnshlaup. Er það lengsta skíðakappganga, sem fram hefir farið hér á landi. Þátttakendur voru 7. Frá skátafélaginu Einherjar 3, frá ungmannafélaginu Árvakur 2, frá Skíðafélagi Ísfirðinga 1, frá Herði 1 og 1 utanbæjar-piltur. – Vegalengdin, sem hlaupin var, er 18 rastir.

Sigurvegari varð Magnús Kristjánsson, form. í félagi ungra jafnaðarmanna, frá Skátafélaginu Einherjar. Hljóp hann vegalengdina á einni stund og 50 mín. Er hann því nú skíðakóngur Vestfjarða. – Önnur verðlaun hlaut Sigurjón Halldórsson frá Herði (tími 1:53) og þriðju verðlaun Sig. Baldvinsson frá Einherjum (tími 1:54).

Skutull 27. apríl 1935



Tilvalið fyrir Smuguna, Jan Mayen  
og allar styttri ferðir niður Laugaveg.

klæddu þig vel



Kringlan Reykjavík, Lækjargata 4 Reykjavík, Faxafen 12 Reykjavík,  
Miðraun 11 Garðabær, Glerárgata 32 Akureyri og söluauðilar um allt land.

Eins og nefnt var hér að ofan sigraði Magnús Kristjánsson úr Einherjum í fyrstu Fossavatnsgöngunni. Hann gerði reyndar gott betur og sigraði fyrstu fjögur árin sem gangan var haldin en Gísli bróðir hans sigraði svo árið 1939. Þess má geta að þegar gangan fór fram í þriðja skiptið, árið 1938, var í keppendahópnum piltur á 19. ári, Sigurður Jónsson. Sigurður, sem flestir þekkja sem Búbba prentara, hefur verið með í flestum Fossavatnsgöngum síðan og ljóst að enginn hefur tekið jafn oft þátt í göngunni og hann.

Þrjú fyrstu árin eftir að gangan var endurvakin varð Oddur Pétursson hlutskarpastur, en Gunnar bróðir hans sigraði svo árið 1958. Þeir bræður fögnumuðu alloft sigri í Fossavatnsgöngunni, en enginn hefur þó verið sigursælli en Kristján Rafn Guðmundsson, sem 12 sinnum kom fyrstur í mark á sjöunda og áttunda áratugnum. Kristján er raunar enn þann dag í dag ætíð á meðal fremstu manna í göngunni og ekki fyrirsjáanlegt að þar verði breyting á næstu áratugina.

Besta brautartímann í 20 km göngunni á Norðmaðurinn Eileif Mikkelsplass, en hann kepti í göngunni árið 1985 og barðist um sigurinn við bróður sinn Pál Gunnar, sem er öllu frægari í skíðaheiminum og stóð á þessum tíma á hátindi frægðar sinnar. Eileif varð einni sekúndu á undan og tími hans, 53:31 mín. stendur enn sem brautarmet. Bestan tíma Íslendinga á hins vegar Ísfirðingurinn Einar Ólafsson, en hann gekk á 55:25 mín. árið 1989.

Á síðustu árum hefur lítillega verið unnið að því að koma göngunni á framfæri úti í hinum stóra heimi og skilaði það sér m.a. í nokkrum þátttakendum erlendis frá vorið 2004 þegar 50 km vegalengdinni var bætt við dagskrána. Stefnan er sú að halda áfram að kynna gönguna hérlandis og erlendis og um leið að halda áfram að þróa og bæta mótaþaldið í takti við þær kröfur sem gerðar eru á alþjóðavettvangi. Raunar er ekki útilokað að Fossavatnsgangan verði hluti af fjölbjóðlegri mótaröð á næstu árum, en nefnd um almenningsgöngur á vegum Alþjóða skíðasambandsins er nú að kanna möguleikana á því að stofna til svæðisbundinnar mótaðar fyrir Norðurlöndin þar sem Fossavatnsgangan yrði fulltrúi Íslands. Þetta mál er enn á algeru frumstigi og nokkuð í að niðurstaða fáist. Ef af yrði gæti þetta hins vegar orðið stórt skref fyrir skíðagöngu á Íslandi.

Þetta eru þó framtíðardraumar. Næst á dagaskrá Fossavatnsgöngunnar er að halda upp á 70 ára afmælið með veglegum hætti nú í vor. Gangen mun fara fram laugardaginn 30. apríl og eru allir sem gönguskíðum geta valdið hvattir til að taka þátt. Í boði verða fjórar vegalengdir, 7, 10, 20 og 50 km, og í hverri vegalengd er boðið upp á sveitakeppni þar sem fjölskyldur, vinnustaðir, saumaklúbbar og vinahópar geta sameinað kraftana. Nánari upplýsingar er að finna á [www.fossavatn.com](http://www.fossavatn.com) Verið öll velkomin í Fossavatnsgönguna 2005!



Sigurður Jónsson hefur tekið þátt í Fossavatnsgöngunni síðan 1938. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson).



Kristján R. Guðmundsson hefur oftast sigrað í Fossavatnsgöngunni. (Ljósm. Hrafn Snorras.)



Fossavatnsgangan 1971. F.v.: Ólafur Þórarinsson, Geir Yngvason, Ólafur Guðmundsson, Sigurður Th. Ingvarsson, Magnús Kristjánsson, Björn Helgason, Ásgeir Sigurðsson, Björn Egilsson, Páll Kristmundsson, Ásgeir Sigurðsson eldri, Pétur Blöndal, óþekktur. Allir þessir menn voru starfsmenn Skipasmíðastöðvar Marzellíusar Bernharðssonar. (Ljósm. Guðmundur Ágústsson).



Í Fossavatnsgöngunni 1971 voru 46 þátttakendur og sigurvegari var Kristján Rafn Guðmundsson. Á myndinni má sjá til vinstrí Ólaf B. Halldórsson og Ásgeir Sigurðsson, fjær eru hjónin Haukur Sigurðsson og Jóhanna Hálfánsdóttir sem var eina konan sem skráð var til keppni þetta ár. Til hægri eru Sigurður Gunnarsson og Arnór Stígsson. (Ljósm. Guðmundur Ágústsson).

**Hraðfrystiðið-Gunnvör hf.**

V/Hnífsdalsbryggju • 410 Hnífsdal  
Sími 450 4600 • Fax 456 3624 • Netfang: [frosti.is](http://frosti.is)

Lýsing hf.  
Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími 540 1500  
Fax 540 1505  
[www.lysing.is](http://www.lysing.is)

**LÝSING**



**50 km  
20 km  
10 km  
7 km**

# **56. FOSSAVATNSGANGAN Á ÍSAFIRÐI**



**Laugardaginn 30. apríl 2005**

## **Dagskrá**

**Fimmtudagur 28. apríl:**

Kl. 10.00 – 17.00: Skráning og afhending númera í versluninni Núpi

**Föstudagur 29. apríl:**

Kl. 10.00 – 17.00: Skráning og afhending númera í versluninni Núpi

Kl. 14.00: Brautarskoðun með leiðsögn. Hlutar brautarinnar verða skoðaðir (á skíðum) með staðkunnugum og leiðin útskýrð í smáatriðum.

Kl. 19.00 – 21.00: Pastaveisla í skíðaskálánum í Tungudal.

**Laugardagur 30. apríl:**

56. Fossavatnsgangan:

Rástímar: kl. 11.00: 50 km

kl. 12.00: 20, 10, 7 km

Kl. 15.30 – 18.30: Fossavatnskaffi og verðlaunaafhending

**SKÍÐAVÍKUGESTIR**  
*Verið velkomin!*

Fyrir herra

Fyrir dömur

**KELLO**  
**BLEND**  
**B-YOUNG**  
**MESSAGE**  
**DIESEL**  
**LIVA** simply  
**CHOISE**  
**MOMENTUM**

**PAS**  
Dominic

**Lee**  
**BERTONI**

**Melka**  
MENSWEAR

**BLEND**  
OF AMERICA

**JÓN og GUNNA**

TÍSKUVÖRUVERSLEN Í MIDBÆ ÍSAFJARDAR, SÍMI 456 3464

**Sveitakeppni í öllum vegalengdum  
Fossavatnsgangan er hluti af  
Íslandsgöngunni 2005**

**Laugardaginn 30. apríl 2005**

**ÍSINN**  
ÍSVERKSMIÐJA • ÍSAFIRÐI

**ÞEGAR KÆLINGAR ER ÞÖRF**

- notið þá ísinn

Sindragata 13b • Sími 456 4090 & 863 1626

# Á STÓRMÓTI Í OBERSTDORF

Frá heimsmeistaramótinu í norrænum greinum í Oberstdorf 16.–27. febrúar 2005

Um síðastliðin jól lá það fyrir að fóstursonur minn, Jakob Einar Jakobsson væri skráður til keppni á heimsmeistaramótinu í norrænum greinum í Oberstdorf í Pýskalandi. Hann er nú einn í karlalandsliði Íslands í þessari grein. Kvöld eitt í janúar hringdi Jakob í mig, frá Lillehammer í Noregi þar sem hann dvelur við æfingar, og bauð mér að koma með sér á mótið með tilstuðlan Skíðasambands Íslands sem átti veg og vanda að þáttöku hans. Því er skemmt frá að segja að ég ákvað í samráði við mína nánustu og fleira gott fólk að hverfa frá búrekstrinum og skella mér með. Ekki get ég neitað því að ég var nú heldur léttur í spori af spenningi og stolti af stráknum næstu dagana.

Þann 15. febrúar var svo flogið af stað til München með millil. í Köben. Ég var samferða Ólafi Björnssyni skíðakappa frá Ólafsfirði sem var fararstjóri, en Jakob flaug beint frá Oslo og lentum við svo til á sama tíma. Þá tók við ca. tveggja tíma akstur suður til Oberstdorf sem er þekkur skíðabær í um 800 m hað í Ölpunum við suðurlandamæri Pýskalands þar sem mætast Austurríki og Sviss. Í Oberstdorf búa ca. 10.000



Ólafur Björnsson og Jakob Einar Jakobsson ásamt leiðsögumanni sínum, Marianna Hermann.

manns, 27.000 túristar voru komnir til að fylgjast með auk hundruða keppenda frá 52 þjóðum.

Eftir skráningu, úthlutun smurningsaðstöðu ásamt Írlandi, blóðprufu keppenda og úthlutun leiðsögumanns sem hver þjóð fékk, var allt klappað og klárt til keppni hjá Jakobi. Rétt er að taka fram að við setningaráthöfn mótsins gengu keppnislið inn á völlinn í stafrófsröð undir þjóðfána. En þar sem fararstjórafundur var haldinn á sama tíma gerðist undirritaður fánaberí Íslands, Jakob skipaði liðið og Ólafur sat fundinn. Jakob keppti þrisvar, með eins og tveggja daga millibili. Hann hafði 29–20 keppendur á eftir sér af 128–96 þáttakendum, sem er mjög góður árangur að mínu mati eftir að hafa séð flóru keppenda, aldur og umgjörð þeirra sem við var að glíma. Nægir að nefna stórbjóðir eins og Noreg, Rússland, Pýskaland, Ítalíu og Frakkland sem áttu glæsilega sigra. Þá var stórkostlegt að upplifa stemninguna sem ríkti þegar hver keppni náði hámarki og kynning, tónlist og hvatningaróp glumdu um svæðið milli 2000 m hárra fjalla. Verðlaunaafhending var daglega á „Silfurorgi“ þeirra í miðbænum með tilheyrandi dagskrá og skemmtun.

Það fór ekki á milli mála að við mótsvaldið var vant fólk og umgjörðin öll stórkostleg allavega í augum manns sem ekki hefur farið á stærra Árni Brynjólfsson með vopnuðum löggreglumann sem stóð vörð við hótelid.

skíðamót en Andrésar Andarleikana á Akureyri. Þó var ekki laust við að upp rifjuðust minningar frá gullold héraðsmótanna í frjálsum íþróttum á Núpi í Dýrafirði.

Við áttum þess kost einn daginn að horfa á keppni í skíðastökki. Ég get nú ekki leynt því að þar er á ferðinni tignarleg íþrótt sem fer fram á gríðarlegum mannvirkjum og var allveg klárt að aðsókn áhorfenda var ekki síðri en á göngugreinarnar.

Á hótelinu sem við bjuggum á voru Kóreumenn, Svíar og Ísraelar. Þeim síðastnefndu fylgdi gríðarleg öryggisgæsla. Löggregla vopnuð vélbyssum og fleiri tólm stóð sólarhringsvakt bæði úti og inni. Til gamans má svo geta þess að hótelid var líka nokkurs konar heilsuræktarstöð með íþrótt- og tækjasal, sundlaug, sauna og potti. Ég ákvað eitt kvöldið að skella mér allavega í pottinn eftir langan dag á skíðasvæðinu. En Jakob og Ólafur voru að fara yfir úrslit dagsins og leggja á ráðin fyrir næstu keppni. Þá fóru nú leikar þannig að í pottinum var kalt vatn sem virtist vera eðlilegt til að kæla sig niður. Þá ætlaði ég í sauna og er ég gekk inn í klefann íklæddur skræpóttu skýlunni minni merkti ég undarleg augnagot karla og kvenna sem voru þarna nakin í súldinni. Ég lét þetta ekkert á mig fá en komst þarna að því að klæðnaður er óþarfur í saunaböðum Pýskalands.

Að lokum þakka ég þeim ferðafélögum fyrir samveruna í frábærri ferð.



**LS-4100**

Nýr 300 W dýptarmælir. 5" LCD skjár sem gefur endurvarp í 4 gráum tónum. 50 og 200 kHz. Skvettuvarinn. Afar hagstætt verð.

**LS-6100**

Nýr 300 W dýptarmælir. 6" LCD skjár sem gefur endurvarp í 4 gráum tónum. 50 og 200 kHz. Skvettuvarinn. Afar hagstætt verð.

**FCV-600L**

Gæða dýptarmælir fyrir minni báta. 5,6" TFT litaskjár. Sendiorka 350 W, 50 og 200 kHz. Tvær sjálfvirknistillingar á fiskileit. Skvettuvarinn.

**FCV-581L/582L**

Gæða dýptarmælar fyrir minni báta. 6,5" TFT litaskjár. Sendiorka 600 W. Ein eða tvær tíðnir 50, 200 kHz. Tvær sjálfvirknistillingar á fiskileit. Skvettuvarinn.

**FCV-1100L**

Rétti mælirinn fyrir stærri smábáta.

Tveggja tíðna dýptarmælir með 10,4" LCD litaskjá. Sendiorka 3 kW, en stillanleg á 1 eða 2 kW. Tíðnir 22-220 kHz (frjálsar tíðnir). Botnlæsing, botnstækkun, botnhörkugreining, fisksjá og sjálfvirk skipting á skölum. Hægt að tengja vjöf siglingataeki.

Kynntu þér orðspor þessa mælis



Tryggðu gæðin... **FURUNO**

**Brimrún**  
Sími 5 250 250

**SÆRAF**  
Bolungarvík,  
Sími 456 7441

**Haftækni**  
Akureyri  
Sími 462 7222

**WATT**  
Vestmannaeyjum  
Sími 481 2926

Það hefur verið mikið um að vera hjá skíðagönguliðinu það sem af er ári og fjölmargar keppnir verið haldnar:

- 8. janúar:** Boðganga SFÍ, haldin á Skeiði.
- 15. janúar:** Mjólkurstöðvargangan, á Skeiði.
- 21.–23. janúar** fór keppnislið 13 ára og eldri á bikarmót á Akureyri og náði mjög góðum árangri.
- 29. janúar:** SFÍ gangan, haldin á Seljalandsdal.
- 4.–6. febrúar:** Bikarmót SKÍ á Ísafirði fyrir 13 ára og eldri.
- 12. febrúar:** Bakkavíkurgangan í Bolungarvík.
- 25.–27. febrúar** fór keppnislið 13 ára og eldri á bikarmót á Ólafsfirði og náði mjög góðum árangri. Þann 5. mars var Gleðigangan haldin á Seljalandsdal en hún er fyrir 12 ára og yngri. Keppni fór fram í leikjabraut sem féll vel í kramið hjá þátttakendum.

Það er mikið eftir af vetrinum hjá skíðagönguliði SFÍ. Stærstu verkefnin eru Unglingameistaramót Ísland sem haldið verður á Ísafirði 18.–21. mars, Andrésar andarleikarnir á Akureyri 21.–23. apríl og Fossavatnsgangan 30. apríl. Auk þess eru nokkur heimamót eftir, svo og skemmtilegar uppákomur hvers flokks fyrir sig.



Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir náði frábærum árangri út í Noregi í febrúar sl. en þá fóru sigurvegarar í 12 ára flokki á Andrésar Andarleikunum 2004 í keppnisferðalag til Noregs. Sólveig náði besta árangri sem íslenskur skíðamaður á hennar aldri hefur náð. Hún varð nr. 3 í Vind Rennet og náði þar að vinna dótturhinnarheimsfrægu norsku skíðakonu Anitu Moen, Karoline Moen Guidon sem varð nr. 4. Sólveig varð síðan nr. 2 í Sparebanken Hedmark Cup. Þess má geta að Sigurjón Hallgrímsson SFÍ var einnig með í för og stóð sig með prýði.

Á myndinni afhendir Kristbjörn formaður göngunefndar Sólveigu viðurkenningarvottískíðheimum 22. febrúar 2005.

Á myndinni afhendir Kristbjörn formaður göngunefndar Sólveigu viðurkenningarvottískíðheimum 22. febrúar 2005.



Hluti æfingahóps 11–12 ára og 13 ára og eldri á góðviðrisdegi á Seljalandsdal 23. febrúar 2005. Efri röð: Kristný, Sigrún og María. Neðri röð: Stefán, Örvar, Katrín Sif, Sólveig, Sigurjón, Rannveig og Silja Rán. (Ljósm. Stella Hjaltadóttir).

Æfingar hafa gengið vel hjá skíðagönguliði SFÍ í vetur. Haustæfingar 12 ára og yngri voru sameiginlegar með alpagreinaliði SFÍ. Æfingahópur 13 ára og eldri æfði undir stjórn Stella Hjaltadóttur. Eftir áramótin tóku Kristín Ólafsdóttir og Stella Hjaltadóttir við 8 ára og yngri en þar fer iðkendum stöðugt fjölgandi sem er mikið ánægjuefni. Stella hefur einnig séð um æfingar 9–12 ára og 13 ára og eldri eftir áramót. Markús Björnsson tók við 13 ára og eldri þann 1. febrúar og síðan sjá þau Stella um 9–12 ára hópinn í sameiningu.

## GLAÐBEITTIR KRAKKAR Á GÖNGUSKÍÐUM



Æfingahópur 8 ára og yngri á Skeiði 6. janúar 2005. Efri röð: Albert, Guðmundur, Dagur, Auður Líf, Katrín Ósk, Vilmar og Baldur. Neðri röð: Hákon, Daníel Ágúst, Hekla Dögg, Arna og Elísabet Gígja. (Ljósm. Stella Hjaltadóttir).



Hópur æfingabarna í flokki 8 ára og yngri eftir Mjólkurstöðvargönguna sem haldin var á Skeiði 15. janúar 2005. Auður Líf, Baldur, Guðmundur, Albert, Hákon, Vilmar Ben, Hekla Dögg, Katrín Ósk, Dagur, Daníel Ágúst, Elísabet Gígja og Sara. (Ljósm. Stella Hjaltadóttir).



**ROSSIGNOL**  
PURE MOUNTAIN COMPANY®



**ROSSIGNOL fyrir framtíðina!**

Smáralind  
Sími : 545 1550  
Glæsibær  
Sími : 545 1500  
Kringlunni  
Sími : 575 5100

**... á þremur stöðum**

**ÚTILÍF**


Birna Jónasdóttir skrifar frá Japan:

# Á SNJÓBRETTI Í JAPAN



Að vera á bretti í Japan er að sumu leyti svipað og að vera á bretti á Íslandi; fjöllin eru lítil, lyfturnar stuttar og eftir smá tíma er maður orðinn besti vinur lyftukallanna. En það er margt sem er allt öðruvísi. Þegar loksins fer að snjóa eftir margra mánaða bið í steikjandi hita og raka, fer fólk ekki upp á háaloft og sækir græjurnar og gallana sem hafa verið notuð síðustu fimm árin. Hér þurfa allir að fylgja tískunni og vera í öllu því nýjasta og flottasta á hverju ári, sama þó þeir fari ekki nema aðra hverja helgi eða jafnvel bara nokkrum sinnum yfir veturninn; „lúkkið“ þarf að vera í lagi.

Fæstir Japanir eru jafn heppnir og Ísfirðingar með staðsetningu á skíðavæðum, og þurfa því flestir að keyra í nokkra tíma til að komast á bretti. Áður vorkenndi ég Reykvíkingum að þurfa að keyra í 45 mínútur til að komast upp í fjall og einfaldlega skildi ekki hvernig þeir nenntu því. Nú keyri ég á hverri helgi í 3–4



Birna á fjöllum ásamt japönskum vini sínum.

tíma til að komast á bretti, stundum gistum við á ódýrum gistiheimilum sem japanskir vinir okkar hafa reddað í gegnum netið. En oft keyrum við heim um kvöldið eftir að hafa slappað af í „onsen“ (japanskar sjóðheitar laugar fylltar hveravatni) og borðað kvöldmat. Vöknum svo snemma daginn eftir og endurtökum leikinn. Oft er lagt af stað klukkan sex að morgni og ekki komið heim fyrr en seint um kvöld. Við útlendingarnir kvörtum og kveinum og finnst þetta ótrúlega erfitt á meðan Japanarnir vinna mikið meira en við alla vikuna, keyra síðan helmingi lengra og segja ekki orð. Að keyra upp í fjöll frá Tokyo er svipað og að keyra frá Ísafirði til Reykjavíkur, margir keyra upp á hverri helgi annað hvort í dagsferð eða helgarferð. Stundum leggja þau af stað rétt eftir miðnætti á föstudagskvöldi og eru komin á svæðið um fimmleytið, sofa þá í bílnum í nokkra tíma og eru svo mætt hress og kát í fjallið fyrir klukkan níu.

Dagurinn hefst snemma í Japan, flest svæði opna milli klukkan átta og níu á morgnana og yfirleitt er allt orðið fullt fyrir klukkan tíu. Um hálfeitt leytið er svo eins og tilkynnt sé í hátlarkerfinu að nú eigi allir að fara í mat, svæðið tæmist og veitingastaðirnir fyllast. Og það eru sko ekki neinar pulsur og samlokur sem fólk í Japan fær sér í hádegismat, máltiðin þarf að innihalda annaðhvort hrísgrjón eða núðlur, yfirleitt fylgir með heit súpa og eitthvað smá meðlæti og nánast undantekningarlaust drekkur

„Við útlendingarnir kvörtum og kveinum og finnst þetta ótrúlega erfitt á meðan Japanarnir vinna mikið meira en við alla vikuna, keyra síðan helmingi lengra og segja ekki orð.“





**Prinoth**  
by LEITNERSNOW®



LEITNER skíðalyftur og  
*Prinoth* snjótroðarár  
og aðrar rekstrarvörur  
til skíðasvæða



**VÉLAVER<sup>H</sup>**

Lágmúla 7, Reykjavík  
Sími 588 2600 og 893 1722

**LEITNER**  
Advanced Technology Worldwide

fólk bjór með. Svo er haldið aftur út í brekkurnar, skíðað í nokkra tíma í viðbót áður en haldið er í „onsen“ til að ná í sig hita og hvíla þreytta vöðva eftir langan dag í fjallinu. Þá er haldið heim eða upp á hótel þar sem borðaður er kvöldmatur sem yfirleitt inniheldur allavega tíu mismunandi smárétti fyrir hvern og einn og endalaust magn af hrísgjónum. Spiluð

„Í staðinn fyrir að hafa „park“ með kannski þremur stökkpöllum og fjórum „rails“ eins og flest skíðasvæði eru með, tóku þau heila brekku og breyttu í „park“ með alveg endalausum möguleikum af stökkpöllum, „rails“ og boxum.“

nokkur spil inni á herbergi áður en dýnurnar eru dregnar úr skápnum og dreift um gólfíð, svo eru flestir komnir í rúmið um tíu leytið og tilbúnir að takast á við fjallið fyrir allar aldir morguninn eftir.

Eitt sem mér finnst athyglisvert og held að sé ekki slæm hugmynd fyrir skíðasvæðið heima,

er að þegar að mörg litlu skíðasvæðanna hér úti voru að tapa öllu fólkini til stóru svæðanna, þá tóku þau sig til og breyttu algjörlega um stfl. Í staðinn fyrir að hafa „park“ með kannski þremur stökkpöllum og fjórum „rails“ eins og flest skíðasvæði eru með, tóku þau heila brekku og breyttu í „park“ með alveg endalausum möguleikum af stökkpöllum, „rails“ og boxum. Enn eru nokkrar venjulegar brekkur fyrir þá sem það vilja en nú eru þessir staðir fullir af ungu fólk á brettum og „freestyle“-skíðum á hverri helgi.

Minn uppáhaldsstaður hér úti er ekki mikil stærri en svæðið heima, þar hefur einni brekku, svipaðri og innstu brekkunni í Miðfellslyftunni verið breytt í „park“. Þangað keyrir fólk upp frá Tokyo á hverri helgi í staðinn fyrir að fara á miklu stærra svæði í Nagano þar sem Olympíuleikarnir 1998 voru haldnir og er ekki nema í um 15 mínútna akstursfjarlægð frá þessu litla svæði. Þar sem við höfum nægt pláss fyrir



alla væri ekki vitlaust að gera eithvað svipað og reyna að fá fólk að sunnan og norðan til að koma og njóta besta skíðasvæðis á Íslandi.

## Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík

### Opnunartími sundlaugar um páskana

Fimmtudagur 24. mars - Skírdagur  
kl. 14.00 - 18.00

Föstudagur 25. mars - Föst. langi  
LOKAÐ

Laugardagur 26. mars  
kl. 10.00 - 18.00

Sunnudagur 27. mars - Páskadagur  
kl. 13.30 - 18.00

Mánudagur 28. mars - 2. í páskum  
LOKAÐ

**UNDIRVATNS-BORDSTÓNLEIKAR  
Í SUNDLAUGINNI  
PÁSKADAG  
kl. 14.00**

### Opnunartími sundlaugar vorið 2005

#### Morguntími fyrir almenning í sundlaug

- Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
  - Frá kl 06.00 til kl 10.00 í sundlaug
  - Frá kl. 07.00 til kl. 10.00 í þreksal

#### Síðdegistími fyrir almenning

##### Mánudaga

- Frá kl 16.00 til 19.00

##### Aðra virka daga

- Frá kl 16.00 til 21.00

Laugardaga opið frá kl. 10.00 til 18.00

Sunnudaga opið frá kl. 10.00 til 16.00



Sími: 456-7381



# Páskaeggin frá Góu

- bragð sem aldrei gleymist!



Stafanra húsgamyndasmiðjan / 3087

Góa ehf. Sælgætisgerð • Bæjarhrauni 24 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 555 3466 • Fax: 565 2660

Halldór Sveinbjörnsson  
fangar augnablikið með Canon



IXUS i5

Heillandi hönnun og frábær gæði. Veldu úr fjórum ómótlaðilegum litum. IXUS i5 er hátekní í fremstu línu, umvafin glæsilegri hönnun sem hrópar á alhyggi.

Ótrúlega nett vél í 4 fáanlegum litum  
5.0 MegaPixel  
VGA myndskelð með hijóði  
3cm Macro stilling  
9 punkta sjálvirkur fókus  
DIGIC & ISAPS  
Beintengjanleg við samhæfða prentara  
6 sunustillingar



Bókhlaðan

Hafnarstræti 2 - 400 Ísafjörður - Sími 456-3123 Veffang: bokhladan.is

þú þekkir  
þá sem nota  
**Canon**

Kristbjörn R. Sigurjónsson, formaður göngunefndar Skíðafélags Ísfirðinga

# GLÆSILEG AÐSTAÐA FYRIR SKÍÐA-GÖNGUFÓLK Á SELJALANDSDAL

Mikið hefur áunnist í sköpun aðstöðu á göngusvæðinu á Seljalandsdal, okkur öllum til hagsbóta og má fullyrða að þar sé vagga gönguskíðaþróttarinnar á Íslandi sannanlega í dag. Þann 13. febrúar sl. var skáli gönguskíðamanna á Seljalandsdal vígður formlega og ætla ég hér að fara örlitið yfir sögu mála og nefna það helsta sem gert hefur verið.

Það var árið 1996 sem fyrst var byrjað að huga að framkvæmdum við núverandi gönguskála. Fóru gönguskíðamenn í viðræður við Ísafjarðarbæ um afnot af gömlu smíðakennslustofunni sem nýst hafði sem Skíðaskáli upp í Tungudal og í framhaldi var hönnuð viðbygging og tímatakturn.

Fyrirhugað var að húsið yrði staðsett á Harðarskálaflötinni en það breyttist þar sem ekki fékkst leyfi fyrir þeirri staðsetningu vegna snjóflóðahættu. Var þá ákveðið að færa húsið yfir Buná og staðsetja það á Miðbrún.

Árið 2000 var svo byrjað að grafa og steypa undirstöður og á sama tíma var unnið hörðum höndum við að raflýsa svæðið. Í dag eru þar 16 staurar og 48 kastarar sem lýsa upp 10–15 km



braut. Þess ber að geta að margir aðilar komu að þessari framkvæmd, gáfu kastara, raflagnaefni og vinnu sína.

Þann 16. maí 2001 var farið í að flytja húsið frá Tungudal og upp á Seljalandsdal. Eftir að tekist hafði að koma því á sinn stað og gengið hafði verið frá því á undirstöður sínar var tekið langþráð frí frá skíðastörfum. Um haustið var síðan hafist handa að nýju og var þá farið í lagfæringar á húsinu ásamt vinnu við stauralýsingu.

Byrjað var að grafa fyrir viðbyggingunni 17. ágúst 2003. Stálgrindin var reist 11. september og 20. október var byrjað á turninum. Unnið var stift allt haustið 2003 og fram eftir vetri og haldið á alveg fram að Skíðamóti Íslands 2004, en allt var svo tilbúið til notkunar fyrir mótið. Má segja að nánast hafi verið unnið hverja einstu helgi á haustin frá árinu 2001.

Síðastliðið sumar var unnið þrekvirki í vinnu við göngubrautina og á svæðisstjórin, Jóhann Torfason, þakkir skildar fyrir hans þátt í því máli. Beygjur voru lagfærðar, lækir ræstir og brautin endurhönnuð. Þessar framkvæmdir gerðu það að verkum að við fyrstu snjóá í haust, þá var hægt að nota 5 km hrингinn, skíðamönnum til mikillar ánægju. Ætlunin er að slóðraga og sá í þann hluta af brautinni sem tilbúinn er núna í vor.

Við gerðum samstarfssamning við Ísafjarðarbæ árið 2002 um reksturinn á húsinu og var sá samningur endurnýjaður 2004 og gildir hann

Efri mynd: Húsið var flutt í tveimur pörtum upp á Seljalandsdal og er þarna verið að koma öðrum helmingum fyrir á undirstöðunum vorið 2001. (Ljósm. Óskar Káráson). Á neðri myndinni eru þeir Óskar Káráson, Rúnar Eyjólfsson og Guðmundur Ágústsson framan við gönguskálann á Seljalandsdal haustið 2003. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson.).



Gönguskíðamenn vígðu skála sinn á Seljalandsdal formlega 13. febrúar sl. Fjölmargir gestir voru viðstaddir athöfnina og þáðu veglegar kaffiveitingar að henni lokinni.  
(Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

til ársins 2010. Þessi samningur færir okkur tekjur til að standa undir raflýsingu og hitun hússins en búið er að endurnýja alla ofna, einangra gólfíð í salnum o.fl. til að halda hitunar-kostnaði í lámarki.

Ég hef tekið saman unnar vinnustundir í sjálf-boðavinnu sem farið hafa í skíðasvæðið frá því við byrjuðum á þessum framkvæmdum:

Lýsing: 689 klst. x 1800 = 1.240.200,-  
Húsbygging: 2656 klst. x 1800 = 4.780.800,-

Vil ég þakka öllu þeim fjölmörgu, bæði fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa stutt okkur með fjárvuðningi og vinnu til að gera aðstæður skíðamanna hér á Ísafirði með þeim bestu á Íslandi, jafnvel með þeim betri á heimsvisu.



# VEFAÐGANGUR

Lífeyrissjóður Vestfirðinga hefur tekið í notkun iðgjaldavef á heimasíðu sjóðsins [www.lvest.is](http://www.lvest.is) þar sem launþegar og launagreiðendur geta skoðað eftirtalið:



**LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA**

1. Yfirlit yfir hreyfingar sínar hjá sjóðnum.
2. Lífeyrisréttindi sín hjá sjóðnum.
3. Viðskiptastöðu sína við sjóðinn.
4. Innsendar skráðar skilagreinar.
5. Innborganir sínar til sjóðsins.

Hægt er að sækja um aðgang að iðgjaldavef sjóðsins á heimasíðunni [www.lvest.is](http://www.lvest.is). Notendanafn og lykilorð verða síðan send í pósti á heimilisfang viðkomandi aðila.

Í gegnum launagreiðendavefinn býður sjóðurinn launagreiðendum að senda sjóðnum skilagreinar beint úr bókhaldskerfum sínum með textaskrám í gegnum netið, eða skrá skilagreinar inn sjálfir og senda til sjóðsins.

Allar nánari upplýsingar og aðstoð veitir skrifstofa sjóðsins sem er opin alla daga Kl. 08.00 – 16.00.

---

**LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA**

Hafnarstræti 9-13 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4233 • Fax: 456 4710 • Netfang: [www.lvest.is](http://www.lvest.is) afgr@lvest.is

# SKÍÐAVIKA Í SJÖTÍU ÁR

## Skíðavikan 1935

„Þetta rammíslenska hátiðahald frammi á snjóbreiðum Seljalandsdals mun sennilega forða mörgum Ísfirðingum frá „flenzu“ og kvefi – og máske líka fleiri kvillum, sem kyrsetumenn oftlega baka sér um hátiðar.“

(*Skutull*, 18. apríl 1935)



Páttakendur á fyrstu Skíðaviku Ísafjarðar fyrir framan Sóltún árið 1935. (Skjalasafnið Ísafirði).

Sjötíu ár eru nú síðan Skíðavika Ísfirðinga var haldin í fyrsta sinn. Það var veturn 1935 sem forystumenn í Skíðafélagi Ísfirðinga blésu til skíðaviku í páskavikunni. Gunnar Andrew var formaður skíðavikunefndar. Gunnar var mikill frumkvöðull í félagslífi bæjarins, en hann var fæddur og uppalinn í Dýrafirði, sonur Jóhannesar Ólafssonar frá Haukadal, hreppstjóra og oddvita, póstmeistara og sparisjóðsstjóra á Þingeyri. Gunnar fluttist til Ísafjarðar eftir 1920, var stofnandi

Skátafélagsins Einherja 1928, íþróttakennari og stjórnandi fimleikaflokka og fleiri íþróttahópa hér á Ísafirði.

Dagskrá skíðavikunnar árið 1935 fólst í daglegum skíðaferðum upp á Seljalandsdal þar sem séð var fyrir leiðsögn og nestispakka. Einnig var gert ráð fyrir að fólk gæti farið í lengri ferðir með leiðsögn. Kvöldvaka skyldi haldin og kveðjudansleikur. Var það innifalið í þátttökugjaldinu, sem var 10 krónur fyrir utanbæjarmenn, en 5 krónur fyrir bæjarmenn, sem lögðu sér sjálfir til nesti. Páttakendur gátu fengið aðstoð við smærri viðgerðir á skíðum og stöfum og fengið lánaðan búnað á meðan viðgerð færi fram.

Áætlað var að hópur fólks úr Skíðafélagi Reykjavíkur kæmi á skíðavikuna, og einnig Pálmi Hannesson rektor Menntaskólans í Reykjavík með nemendum einnar bekkjardeilda. Ekki gekk það eftir, því skæður inflúensufaraldur gekk í Reykjavík í aprílmánuði, og urðu gestir skíðaviku frá Reykjavík aðeins tólf talsins.

Skíðavikan 1935 stóð í fjóra daga, frá skírdegi til páskadags. Páttakendur í fyrstu skíðavikunni voru um 90. Flestir voru frá Ísafirði, en nokkrir komu úr Hnífsdal, Bolungarvík og Önundarfirði. Þá komu tveir þáttakendur frá Reykjafirði á Ströndum og tólf frá Reykjavík. Gestirnir að sunnan komu hingað með strandferðaskipinu *Súðinni*.


Á laugardagskvöldið var haldin kvöldvaka í Birkihlíð, seli Gagnfræðaskólans í Tunguskógi. Skemmtunin var sett af Gunnari Andrew, formanni skíðavikunefndar, en síðan rak hver ræðan aðra undir kaffiborðum. Einn gestanna sýndi „listdans“ (Rumba og Carioka), eins og segir í *Skutli*, annar söng einsöng og skátar úr Einherjum sungu og skemmtu. Aðalræðu kvöldsins hélt Guðmundur Thoroddsen professor við læknaðeild Háskólans, en hann var sonur Skúla sýslumanns og alþingismanns og Theodóru skáldkonu, sem bjuggu á Ísafirði frá 1884 og fram yfir 1900, og ólst því Guðmundur hér upp. Gerði hann skoplegan samanburð á útlífi Ísfirðinga á æskuárum sínum og árið 1935:



„... þá hefði verið tíðkað af mörgum að fara upp í Stóururð einu sinni á ári eða svo til að drekka þar kaffi, stundum líka einu sinni niður í Suðurtanga. Þetta voru ferðalögir. Svo voru líka iðkuð böð. En slíkt gerðu aðeins uppivöðslusamari strákar. Úr fötum mátti ekki fara. Slíkt hefði hneykslað alla betri borgara, heldur var baðið í því fólgíð, að farið var úr sokkum fyrir utan Urtustein og vaðið með flæðarmálinu upp undir hné. Með þessu skilgreindi professorinn útilíf og íþróttir Ísfirðinga fyrir 30-40 árum. Á hinn bóginn lofaði hann stórlægja íþróttáhuga Ísfirðinga nú, sérstaklega hina almennu þátttöku þeirra í útiþróttum.“

(Skutull 27. apríl 1935).

Skíðavikunni lauk svo með kveðju-dansleik í Templarahúsinu við Sól-götu á páskadagskvöld. Að loknum dansleik, klukkan eitt um nóttina, var aðkomumönnum fylgt niður á Bæjarbryggju, þar sem Súðin lá ferðbúin. Létu gestir skíðavíkunnar mjög vel af heim-sókninni. Skíðafæri var dá-samlegt alla dagana og veðrið lék við skíðafólkid frá fyrsta degi til þess seinasta.



Gunnar Andrew.

Í Sóltúnunum geta menn fengið geymndar illikur og annað. Þangað mega menn líka leita til líðasskjóls við að athafna sig meðan hefði er eftir samferðafolkini, sem þó er víðalega allt aður stundum.

Prentstofan Íslensk.



Skíðavíkugestir kvaddir á Bæjarbryggjunni á Ísafirði er þeir halda heim á leið með Súðinni um 1940. (Skjalasafnið Ísafirði).

Pannig hófst ævintýrið um páskana, Skíðavíkan, sem Ísfirðingar og nágrannar og gestir þeirra hafa fagnað í sjötíu ár með skíða-ferðum og skemmtunum. Árið 1936 stóð skíðavíkan í fimm daga, og nú standur hún undir nafni í heila viku.

Veðrið hefur ekki alltaf leikið við Ísfirðingar um páskanum, en oft hefur sólin skinið á bæinn og



dalina í kring og þá hefur mátt sjá fólk fjölmenna, karla og konur, börn og fullorðna, fjölskyldur og vini, hundruðum saman og njóta útiverunnar á skíðum í besta skíðalandi á Íslandi.

**Skíðavíkan 1936.**

Sól og snjör!

Snjör og sól!

**Skíðafélag Ísafjarðar.**

**Forstöðunelind:**

Gunnar Andrew,  
Guðrún frá Mosdal,  
Helgi Guðmundsson,  
Ólafra Ólafsdóttir,  
Þórunn Árnadóttir.

**Flokkstjórar:**

1. flokkur Óli Guðmundsson
2. — Ágúst Leós
3. — Tryggvi Þorsteinsson
4. — Halldór Magnússon
5. — Gunnar Andrew

**Skírdagur:**

Kl. 10 miðl. í Templarahúsinu með allan útbánað. Þar skifti flokka m.m.  
Kl. 1-4: Kálli í Skíðheimum.

**Fösstudagur langi:**

Kl. 10: Lagt af stað frá Sóltúnunum (husi Guðrún frá Mosdal)  
Kl. 1-4: Kálli í Valhöll.  
Kl. 8: Kvöldvaka í Birkihlíð.

**Laugardagur:**

Kl. 10: Lagt af stað frá Sóltúnunum. Fossavatnsfjöld, ef veður leyfir.  
Kálli í Skíðheimum.

**1. Páskadagur:**  
Kl. 1: Lagt af stað frá Sóliúnum.  
Kálli í Valhöll.  
**2. Páskadagur:**  
Kl. 10: Lagt af stað frá Sóliúnum inn Tungudal. Kálli í Skíðheimum.

**Langferðalög:**  
Þeir, sem hugsa til lengri ferða, til-kynnl það formáuni forstöðunelindar.

**Flokkstjórar**  
tali daglega við formáun um til-högðun næsta dags.

**Munið:**

1. að bála með ykkur nosli,
2. að búi ykkur vel. Það er kaldara upp til fjalla en niðri í bæ.
3. að fara ekki of langt frá sam-ferðamönnumunum. Haldid ykkur saman.

**Lokasamkoma**  
verður tilkynnt síðar.

Ásgeirsmótið í svigi sem stofnað var til í minningu Ásgeirs Kristjáns Karlssonar frá Hnífsdal árið 1967, var endurvakið 20. febrúar sl. Ásgeir Kristján drukknaði í sjóróðri 22. desember 1966, 25 ára að aldri. Jens Hjörleifsson í Hnífsdal gaf Íþróttafélaginu Reyni í Hnífsdal veglegan verðlaunagrip, sem keppt var um árlega frá 1967–1978. Fyrstu árin var keppt í Búðargili fyrir ofan Hnífsdal, en síðar á Seljalandsdal í Skutulsfirði. Fyrsti sigurvegari Ásgeirsmótsins var Kristinn Benediktsson sem keppti fyrir Reyni, en meðal annarra sigurvegara voru Hafsteinn Sigurðsson, Hafþór Júlíusson og Einar Valur Kristjánsson, allt þekktir skíðakappar í bænum.

Nú hafa afkomendur og ættingjar Ásgeirs Kristjáns Karlssonar endurvakið keppnina um Ásgeirsbikarinn í samstarfi við Skíðafélag Ísafjarðar. Hafa þeir ákveðið að gefa nýjan verðlaunabikar sem keppt verður um í kvennaflokki 15 ára og eldri, en áfram verður keppt um upprunalegan bikar í karlaflokki. Jafnframt hafa þau ákveðið að gefa verðlaun í öðrum keppnisflokkum pilta og stúlkna. Þess má geta að sonur Ásgeirs heitins, hinn velþekkti veitingamaður hér í bænum, Karl K. Ásgeirsson sigræði á sínum tíma í flokki 11–12 ára árið 1976 og keppti þá auðvitað undir merkjum Íþróttafélagsins Reynis í Hnífsdal.



Jóhann Bæring Gunnarsson.



Póra Marý, Anna María og Ólöf Anna.

## ÁSGEIRSMÓTIÐ ENDURVAKIÐ

Ásgeirsmótið fór fram þann 20. febrúar sl. á skíðasvæðinu í Tungudal. Handhafar Ásgeirsbikarsins árið 2005 eru, í kvennaflokki Anna María Guðjónsdóttir og í karlaflokki Jóhann Bæring Gunnarsson. Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

**Stúlkur 9–10 ára:** 1 Hafrún Jakobsdóttir  
2 Rannveig Hjaltadóttir  
3 Anna María Stefánsdóttir  
4 Brynja Dagmar Jakobsdóttir

**Drengir 9–10 ára:** 1 Matthías Kr. Jóhannsson  
2 Halldór Páll Hermannsson  
3 Elvar Ingi Sigurðsson  
4 Hilmar Karítasarson  
5 Þórólfur Marel Jónasson

**Stúlkur 11–12 ára:** 1 Elín Jónsdóttir

**Drengir 11–12 ára:** 1 Ólafur Njáll Jakobsson  
2 Gauti Geirsson  
3 Anton Helgi Guðjónsson

**Stúlkur 13–14 ára:** 1 Dagný Fjóla Jóhannsdóttir  
2 Ingibjörg Elín Magnúsdóttir  
3 Arna Sigríður Albertsdóttir

**Drengir 13–14 ára:** 1 Jón Guðni Pálason

**Stúlkur 15–16 ára:** 1 Anna María Guðjónsdóttir  
2 Póra Marý Arnórsdóttir  
3 Ólöf Anna Benediktsdóttir

**Drengir 15 ára +:** Jóhann Bæring Gunnarsson

# HAMRABORG

## OPÍÐ ALLA PÁSKANA

**Nýtt Nýtt Nýtt**

**PIZZUR**

**MARGAR GERDIR**

**Við afgreiðum  
bingóspjöldin fyrir  
Björgunarfélagið**

**Einn ís á dag  
hvernig sem viðrar**

**Gleðilega  
páská**

**SKG veitingar**

**HÓTEL ÍSAFIRÐI**

**HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166**

# EYFI

**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON Á SKÍÐAVIKU 2005**

**TÓNLEIKAR AÐ LOKNUM KVÖLDVERÐI**

**SKÍRDAG 24. MARS**

**FÖSTUD. LANGA 25. MARS**

**LAUGARD. 26. MARS**

**LÉTTUR MATSEÐILL OG GLÆSILEGT OSTAHLAÐBORD**

**PANTID BORÐ TÍMANLEGA Í SÍMA 456 3360**

Fjölskyldan er ekkert að skipta  
sér af því hvaða krem þú velur  
- ef það klæjar ekki undan því.

## Neutral®



### HUDLOTION

Ikke tilsat perfume  
og farvestoffer/färgämnen

Rekommenderas/Anbefalt av/  
Declareret i samarbejde med  
Astma-Allergi forbundet



## Neutral®



### INTENSIV CREME

Fed creme til ekstra  
tør/torr og utsat hud

Ikke tilsat perfume  
og farvestoffer/färgämnen

Rekommenderas/Anbefalt av/  
Declareret i samarbejde med  
Astma-Allergi forbundet



Neutral hudlotion er húðkrem fyrir allan kroppinn en Neutral intensiv er til þess að meðhöndla þurra húð. Bæði eru kremin án ílm- og litarefna og sérstaklega hentug fyrir viðkvæma húð þína og barna þínna. Húðin drekkur húðkremið hratt í sig og í því eru efni sem varðveita mykt hennar. Intensiv kremið er feitara og leiðréttir rakajafnvægi húðarinnar. Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.



Neutral vörurnar eru viðurkenndar  
af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.

Neutral®  
verndar viðkvæma húð

Á þessum tónleikum heyrast ýmis framandi kynjahljóð úr heimi píanósins, en á þeim mun **Tinna Þorsteinsdóttir** píanóleikari flytja nýstárleg píanóverk frá 20. og 21. öldinni. Efnisskráin er samansett af fjölbreyttum verkum sem leyfa píanistana að spila á óhefðbundinn hátt á hljóðfærið, bæði hvað varðar tækni og form. Nokkur verkanna eru alveg splunkuný og sérstaklega saman fyrir Tinnu og frumflutt af henni, en önnur eru eldri.

**Tinna Þorsteinsdóttir** nam ung að árum píanóleik við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og síðan við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám í Þýskalandi og síðar í Bandaríkjunum. Tinna hefur haldið fjölda tónleika hér heima og erlendis, bæði ein og með öðrum og fengið frábærar undirtektir gagnrýnenda fyrir vandaðan leik og metnaðarfult verkefnaval. Henni var nýlega úthlutað starfslaunum úr Listasjóði til næstu sex mánaða.

Tinna hefur tvívegis áður komið fram á tónleikum á Ísafirði og þá með hljómsveitinni L'amour fou, sem sérhafir sig í flutningi skemmtitónlistar. Lesa má nánar um Tinnu og feril hennar á heima síðu hennar: <http://annit.com/>.

Aðgangseyrir að tónleikunum er kr. 1.200, lífeyrisþegar borga kr. 800 og skólfólk 20 ára og yngri fá frítt inn.



## „PÍANÓ ÍNÝJULJÓSI“

Miðvikudagur 23. mars kl. 20.00 í Hömrum Ísafirði

## „Heill míns hjarta“

Hljómsveit, kór og einsöngur í Ísafjarðarkirkju  
á föstudaginn langa 25. mars 2005 kl. 20.00



Á föstudaginn langa heldur Hljómsveit Tónlistarskóla Ísafjarðar tónleika í Ísafjarðarkirkju undir yfirskriftinni „Heill míns hjarta“. Á tónleikunum, sem hefjast kl. 20.00 verða m.a. fluttir þættir úr kirkjulegum verkum s.s. Messu í h-moll e. Johann Sebastian Bach, Sálumessu e. Gabriel Fauré og Orgelsinfóníu e. Saint-Saëns, einnig hin þekkta Vókalísa eftir Sergei Rachmaninoff og Kór úr óperunni Madame Butterfly eftir Giacomo Puccini.

Hljómsveitin er nú skipuð 11 nemendum Tónlistarskóla Ísafjarðar á aldrinum 14–20 ára, en stjórnandi

hennar er pólski fiðluleikarinn Janusz Frach. Gestir hljómsveitarinnar á tónleikunum eru Kammerkórinn, en stjórnandi hans er Guðrún Jónsdóttir, einsöngvararnir Ingunn Ósk Sturludóttir mezzósópran og Mariola Kowalczyk alt, auk söngþóps nemenda úr Tónlistarskóla Ísafjarðar og Listaháskóla Íslands.




## „DÍSA OG ÞÓRUNN“

Söngskemmtun í Hömrum  
á skírdag 24. mars 2005 kl. 17.00

Jafnöldurnar Dísá (**Herdís Anna Jónasdóttir**) og Þórunn (**Pórunn Arna Kristjánssdóttir**) bjóða vinum og velunnurum til lítlar söngskemmtunar í Hömrum á Ísafirði á skírdag kl. 17.00. Þær Dísá og Þórunn hafa skemmti Ísafirðingum með leik, söng og hljóðfæraleik nánast frá blautu barnsbeini en frá haustinu 2003 hafa þær dvalið í Reykjavík þar sem þær stunda söng- og tónlistarnám við Listaháskóla Íslands. Á tónleikunum á skírdag munu þær stöllur flytja stutta og aðgengilega dagskrá, m.a. íslensk sönglög eftir Atla Heimi Sveinsson og John Speight, ljóðasöngva eftir Schumann, Mahler o.fl. og óperuaríur eftir Purcell, Mozart, Bellini og Gounod, nokkur lög af léttara taginu auk þess sem þær munu rifja upp nokkra dúetta eftir vestfísk tónskáld.

Aðgangseyrir að söngskemmtuninni er ókeypis og öllum frjáls.



100% FAGMENNNSKA

### Faglegasti bankinn

Kannanir sýna að Íslandsbanka er best treyst og þykir hafa áreiðanlegustu vinnubrögðin af íslenskum bönkum. Þetta góða álit byggir á áherslu okkar á faglega þjónustu. Við erum stolt af þessari niðurstöðu og höfum sett markið á 100% fagmennsku.



# Njóttu dagsins



## Taktu flugið

**Aðeins fimm skref á Netinu og þú ferð á loft**

Það getur ekki verið auðveldara.

Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is.**

**flugfelag.is**

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS**

